

SHAUÐOR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is



Sýning sem kveikir bros
Listasýning fyrir alla fjölskylduna var
opnuð í Gerðubergi um helgina.
allt

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

12. september 2011
212. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Á ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt reennishöfðunum Carpentier Gillur og Jóni 2011



Full borg matar

Matarhátíð sem kynna
á íslenskan mat og
matarhefdir hefst í vikunni.
tímamót 14

Gamli hljómurinn dýr

Hljómsveitin Eldberg lagði
mikið í að ná hljómi í
anda 1970 á nýrri plötu.
fólk 26



FH fyrst til að vinna KR

FH hjálpaði ÍBV á topp
Pepsi-deildar karla með því
að vinna 2-1 sigur á KR.
sport 20

veðrið í dag



BJART SYÐRA í dag verða víðast
norðaustan 8-15 m/s, hvassast NV-
til og við SA-ströndina. Skýjað og
dálítið væta eystra en annars bjart.
Hiti 6-14 stig.

VEÐUR 4

Tveir þriðju vilja halda ESB- umsókn Íslands til streitu

Tæp 37 prósent landsmanna vilja draga til baka umsókn um aðild að ESB samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn klofna í tvo svipað stóra hópa í afstöðu til umsóknar.

KÖNNUN Tæplega tveir af hverjum þremur landsmönnum vilja að Ísland ljúki aðildarviðræðum við Evrópusambandið svo hægt sé að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um niðurstöður viðræðnanna samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðust 63,4 prósent þeirra sem afstöðu tóku í könnuninni vilja halda viðræðum áfram en 36,6 prósent vildu draga aðildarumsóknina til baka.

Örlítið virðist hafa dregið úr stuðningi við að ljúka viðræðum frá því Fréttablaðið kannaði afstöðu til málsins síðast, í janúar síðastliðnum. Þá vildu 65,4 prósent ljúka viðræðum en 34,6 prósent draga umsóknina til baka.


Stuðningsmenn Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna klofna í tvo svipað stóra hópa í afstöðu sinni til spurningarinnar. Um 48,9 prósent sjálfstæðismanna vildu halda umsóknarferlinu áfram og 52,8 prósent stuðningsmanna Vinstri grænna.

Stuðningsmenn Samfylkingarinnar vildu nær allir ljúka viðræðum. Aðeins 4,3 vildu draga umsóknina til baka. Öðru gildir um þá sem segjast myndu kjósa Framsóknarflokkinn yri gengið til kosninga nú. Um 67,4 prósent þeirra sögðust vilja draga umsóknina til baka.

Karlar vilja frekar ljúka viðræðunum en konur. Um 67,5 prósent karla voru þeirrar skoðunar en 59,2 prósent kvenna.

Aðildarumsókn að ESB

Hvort myndir þú heldur kjósa: 1) Að draga til baka umsókn um aðild að Evrópusambandinu, eða 2) Að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn?



Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 hinn 8. september 2011.

Meiri stuðningur er við að ljúka viðræðunum á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Um 68,5 prósent íbúa höfuðborgarinnar vilja klára viðræðurnar, en 52,3 prósent íbúa landsbyggðarinnar.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 8. september. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri.

Spurt var: Hvort myndir þú heldur kjósa: 1) Að draga til baka umsókn um aðild að Evrópusambandinu, eða 2) Að ljúka aðildarviðræðum við Evrópusambandið og halda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamninginn? Alls tóku 87,5 prósent afstöðu.



MINNINGARATHÖFN Í NEW YORK Þeir George W. Bush og Barack Obama ásamt eiginkonum sínum bak við skothelt gler við nýja minnismarkið þar sem Tvíburaturnarnir stóðu í New York.

Tilfinningaþrungin minningarathöfn við vígslu minnismarkis í New York:

Atburðanna minnst með trega

BANDARÍKIN Nýtt minnismarki um atburðina 11. september 2001 var vígt í New York í gær, þegar rétt tíu ár voru liðin frá árás hryðjuverkamanna á Bandaríkin.

Fjórum farþegaþotum var rænt og var tveimur þeirra flogið á Tvíburaturna heimsviðskiptamiðstöðvarinnar í New York, þeirri þriðju á varnarmálaráðuneytið í Washington en sú fjórða hrapaði á akri í Pennsylvania.

Þar sem Tvíburaturnarnir stóðu í New York eru nú komnar

tvær stórar tjarnir. Umhverfis tjarnirnar eru letruð nöfn þeirra sem fórust og í gær var haldin þar tilfinningaþrungin athöfn þar sem ættingjar og ástvinir hinna látnu lásu upp nöfn þeirra.

Alls voru lesin upp 2.983 nöfn, en það voru nöfn þeirra 2.977 sem árástirnar haustið 2001 kostuðu lífið ásamt nöfnum þeirra sex manna sem fórust þegar hryðjuverkamenn gerðu árás á Tvíburaturnana árið 1993.

Bandaríkjamenn minnstust

atburðanna með háttíðlegum athöfnum víða um land, þar sem fluttar voru ræður og fólk sagði frá reynslu sinni þennan örlagaráka dag. Fáir leiddu hugann að því hvort viðbrögð Bandaríkjanna við árásunum hefði verið við hæfi.

Framkvæmdir á árástarstaðnum í New York hafa dregist lengi en nú þegar minnismarkið hefur verið vígt verður hafist handa við að reisa fjögur ný háhýsi í stað þeirra sem hrundu.

Nýútskrifaður vöruhönnuður:

Talinn fram- tíðarstjarna

HÖNNUN Friðrik Steinn Friðriks-son, útskrifaður vöruhönnuður frá Listaháskóla Íslands í vor, er talinn upp sem einn af þeim fimm unghönnuðum sem hafi framtíð norrænnar hönnunar í hendi sér í nýjasta tölublaði hönnunartímaritsins FORM. Útskrifarverkefni Friðriks vakti athygli tímaritsins en í því braut hann upp staðlað form fót-boltamarks.

„Þetta kitlar auðvitað aðeins,“ segir Friðrik. „Ég hef gaman af að bulla í hlutum sem ekkert hefur verið hreyft við í hundrað ár og eru eins og heilög kýr. Fót-boltamarkið er þannig hlutur.“

Friðrik Steinn hefur nú hafið meistaranám í upplifunarahönnun við Konstfack-háskólann í Stokkhólmi.

- rat / sjá Allt í miðju blaðsins

Hefur þú skolað í dag?

Fyrir börn og fulloröna

Sterkar tennur, fallett bros – það er Flux!

FÆST Í APÓTEKUM

létt&laggott



Sesselja, kann Fröken Fix alltaf einhver trix?

„Já, og er alltaf in the mix.“

Sesselja Thorberg vöruhönnuður rekur ráðgjafaryrirtækið Fröken Fix, sem sérhæfir sig í innanhúss- og skipulagsráðgjöf fyrir heimilið.

Bræðratunguvegur opnaður:
Öruggari og styttri leið

SAMGÖNGUR Nýr Bræðratunguvegur, með brú yfir Hvítá, var formlega opnaður í gær, en vegurinn tengir Bláskógabyggð og Hrunamannahrepp á nýjan máta. Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri opnuðu veginn með því að klippa á borða við brúna, sem er 270 metra löng.

Nýi vegurinn, sem er 7,5 kílómetra langur og 8 metra breiður, styttrir leiðina milli Reykholts og Flúða um 20 kílómetra, en tilgangurinn með framkvæmdunum var að stytta samgöngur í uppveitum Arnessýslu og gera þær öruggari.

Heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er áætlaður 1.140 milljónir króna. -jma

Bílalest fór frá Líbíu:

Sonur Gaddafís farinn til Níger

LÍBÍA, AP Al-Saadi, einn þriggja sona Múammars Gaddafí, er farinn frá Líbíu til Níger. Amadou Mourou, dómsmálaráðherra í



AL-SAADÍ GADDAFÍ

Níger, staðfesti þetta í gær.

Ráðherrann segir að nígerskir hermenn hafi séð til hans í norðanverðu Níger. Hann tók hins vegar fram að Al-Saadi hafi

engin réttindi hlotið í landinu, sem þýðir að hann hefur ekki fengið stöðu flóttamanns.

Nokkrir háttsettir embættismenn í Líbíu hafa flúið yfir til Níger undanfarna daga. Enn er leitað að Múammar Gaddafí sjálfum, sem uppreisnarmenn hafa hrakið frá völdum.

-gb

Fjórðungur fylgismanna Sjálfstæðisflokks vill Bjarna Benediktsson sem formann:

Helmingur vill Hönnu Birnu

STJÓRN MÁL Rúm 40 prósent landsmanna vilja að Hanna Birna Kristjánsdóttir verði formaður Sjálfstæðisflokksins. Þetta er niðurstaða könnunar sem stuðningsmenn hennar létu gera í sumar og Stöð 2 sagði frá á laugardag.

Hanna Birna mælist með langmestan stuðning í embættið meðal fylgismanna allra flokka. Næstmests stuðnings nýtur sitjandi formaður, Bjarni Benediktsson, eða rúmlega ellefu prósent.

Þegar einungis er litið til afstöðu þeirra sem segjast mundu kjósa Sjálfstæðisflokkinn nýtur Hanna

Birna enn meiri stuðnings. Rúmur helmingur þeirra, eða 51,4 prósent, segist vilja sjá hana leiða flokkinn, á móti 24,3 prósentu stuðningi við Bjarna.

Hanna Birna hefur ekki lýst því yfir að hún ætli að bjóða sig fram gegn Bjarna á landsfundi flokksins í nóvember, en í viðtali í útvarpsþættinum Sprengisandi á Bylgjunni játaði hún að hún

væri að íhuga sína stöðu alvarlega og hefði tilkynnt Bjarna um það.

Hún sagðist mundu ákveða sig fyrir landsfundinn og ef af framboði yrði væri það ekki til höfuðs Bjarna. Hún sé ánægð með hann sem formann. „En við eigum að geta valið um ólíka einstaklinga – sem eru kannski með svipaðar skoðanir þótt þeir hafi mismunandi áherslur.“ -sh



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Óttast að börn slasist í hyldjúpum húsgrunni

Vatn hefur ítrekað safnast í stórum húsgrunni við Þverholt í Reykjavík. Börn hafa reglulega sést að leik á svæðinu og óttast fólk sem starfar í nágrenninu að alvarlegt slys geti orðið. Enn hefur ekki fengist botn í framtíð svæðisins.

SKIPULAGSMÁL Húsgrunnur við Þverholt 15 sem reglulega fyllist af vatni stendur enn óhreyfður. Íbúar í nágrenninu hafa áhyggjur af börnum að leik á svæðinu en komið hefur verið fyrir dælum sem eiga að sjá til þess að vatnið verði ekki of djúpt.

„Í fyrradag sá ég krakka vera að leika sér vatnið, sem er örugglega tveggja og hálf metra djúpt þar sem það er dýpst. Þetta er í það minnsta án efa dýpsta stöðuvatnið í miðborg Reykjavíkur,“ segir Þórleifur V. Friðriksson, prentsmiðjustjóri hjá Guðjón Ó í Þverholti.

Fréttablaðið greindi frá hættunni á svæðinu í apríl síðastliðnum þegar ítrekað hafði sést til barna á svæðinu. Þá var margra metra djúpt vatn búið að safnast í grunninum. Þórleifur segir vatninu hafa verið dælt í burtu nokkrum dögum síðar en nú sé það farið að stækka aftur. „Mér list ekki á þetta, þetta er stórhættuleg gildra,“ segir Þórleifur.

Grunnurinn er að byggingu sem hýsa átti 400 stúdentaíbúðir. Framkvæmdir voru hins vegar stöðvaðar árið 2008 og hefur grunnurinn verið svo til óhreyfður síðan, en hann er girtur af. Byggingafélag námsmanna hugðist standa að framkvæmdunum en svæðið er nú í eigu Landsbankans og í umsjá Regins, dótturfélags bankans.

„Svæðið er núna nýkomið yfir til Regins. Mér skilst að það sé í ágætu standi. Það er afgirt og það er verið að fylgjast með því. Þá eru dælur þarna sem eiga að dæla upp úr grunninum,“ segir Soffía Sigurgeirsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu bankastjóra í Landsbankanum.

Magnús Sædal Svavarsson,

Hættulegur húsgrunnur við Þverholt

SEPTEMBER



AFTUR FULLUR AF VATNI

Vatn er tekið af safnast aftur í grunninum og er um tveggja og hálf metra djúpt það sem það er dýpst. Fréttablaðið greindi frá hættunni í apríl síðastliðnum þegar ítrekað hafði sést til barna að leik við grunninn. Þá var grunnurinn næstum fullum af vatni en dælt var úr honum í lok apríl.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

APRÍL



byggingafultrúi Reykjavíkurborgar, sagðist í samtali við Fréttablaðið í apríl telja óviðunandi hvernig skilið hefði verið við svæðið. Hann sagðist þó sémilega rólegur yfir slyshættu á svæðinu, en ekki meira en það.

Landsbankinn hefur reynt að fá samstarfsaðila til að byggja svæðið upp og þá kom til greina að halda áfram með verkefnið eins og það var hugsað en hingað til hefur ekkert komið út úr því.

magnus@frettabladid.is

Ráðherra hlífir Teigsskógi:

Gamla leiðin endurnýjuð

SAMGÖNGUR Fallið hefur verið frá því að leggja veg um Teigsskóg á sunnanverðum Vestfjörðum. Þess í stað verður nýr vegur lagður á nokkurn veginn sama stað og hann liggur nú. Kannað verður hvort fýsilegt sé að grafa göng undir Hjalldals.

Innanríkisráðherra hefur lýst því yfir að svokölluð D-leið hafi verið valin fyrir nýjan veg frá Þorskaflir til Kollafjarðar, þrátt fyrir andstöðu margra íbúa. Þar með er fallið frá því að þvera Gufufjörð og Djúpafjörð. -gb



LAUGAVEGUR 77 Útibú Landsbankans á Laugavegi sameinast útibúinu í Holtagörðum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Landsbankinn á Laugavegi: Flytur af Laugavegi eftir 50 ár

VIÐSKIPTI „Þetta er eftirsjá fyrir einhverja eins og gengur, sumir eru kátir og aðrir ekki,“ segir Kristján Kristjánsson, upplýsingafultrúi Landsbankans. Útibú Landsbankans á Laugavegi 77, sem starfrækt hefur verið í fimmtíu ár, sameinast á næstunni útibú bankans í Holtagörðum. Framtíðarhúsnæði sameinuðu útibúanna verður í Borgartúni 33 en húsnæðið á Laugavegi 77 er til sölu.

„Útibúsrekstur er að breytast mikið og aðeins tíu prósent af samskiptum viðskiptavina og bankastarfsmanna fer í gegnum heimsókn í útibúið sjálft. Breytingar sem þessar eru því hluti af tæknibreytingum.“ -jma

LÖGREGLUFRÉTTIR

Níu teknir fyrir hraðakstur

Lögreglan á Selfossi sektaði alls níu ökumenn fyrir hraðakstur í gærdeg en þar af voru sjö þeirra á meira en 120 km hraða á klukkustund. Einn þeirra ók innanbæjar en hinir voru teknir á Hellisheiði og á Skeiðavegi.

Veittist að lögreglumanni

Auk hraðakstursmála var helgin erilsöm hjá lögreglunni á Selfossi. Erill var í í kringum skemmtistaði bæjarins og afturrúður voru brotnar í nokkrum bílum. Þá veittist karlmaður að lögreglumanni eftir að lögreglan bankaði upp á hjá honum vegna kvartana nágretta um hávaða.

Gríska stjórnin eykur enn á sparnaðar- og aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum:

Þingmenn missa mánaðarlaun

GRIKKLAND, AP Skuldaþjökuð stjórnvöld Grikklands ætla að leggja á nýjan eignaskatt auk þess sem allir kjörnir fulltrúar í landinu missa ein mánaðarlaun.

Evangelos Venizelos fjármálaráðherra og Georg Papandreú forsætisráðherra skýrðu frá þessu í gær. Tilgangurinn er að fela meira fé í ríkissjóð svo betur gangi að greiða afborganir af skuldasúpu ríkisins.

Þessar aðgerðir koma ofan á þær aðhaldsaðgerðir sem stjórnin hafði áður samþykkt að grípa til. Meðal þeirra sem missa launin sín eru allir þingmenn landsins og allir borgarstjórnar ásamt forsetanum Karolos Papúlías.

„Það er betra að við öll missum eitthvað en að allt glatist að eilífu,“ sagði Papandreú forsætisráðherra á blaðamannafundi í gær.



FJÁRMÁLARÁÐHERRANN OG FORSÆTISRÁÐHERRANN Evangelos Venizelos og Georg Papandreú útskýra ákvarðanir sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hann sagði ekkert hæft í því að Grikkland yfirgæfi hugsanlega evrusvæðið.

„Til þess að land geti sagt skilið við það,“ sagði hann, „og ég er ekki að tala um Grikkland endilega,“

heldur hvaða land sem er – þá mun það skapa keðjuverkun, þrýsting á önnur ríki og verður áfram til staðar eins og sár, ef þá ekki upphafið að upplausn alls kerfisins.“ -gb

SIEMENS

8. - 24. september 2011

Tækifæri

Nú eru ýmis traust raftæki á góðu Tækifærisverði. Láttu sjá þig.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Vertu í góðu sambandi!

3G Pungur
1 GB netnotkun
á mánuði fylgir!

990 kr.
á mán. í 12 mán.

3G pungur staðgreitt: 6.990 kr.
Þú velur áskrift eða frelsi.

Nova 3G Pungur er hefðbundin
nettenging sem breytir fartölvunni þinni
í alvöru far-tölvu. Þú getur tekið punginn
með þér upp í bústað eða hvert sem þú
ferð innanlands.

Nova 3G WiFi ferðabox er
þráðlaus WiFi nettenging fyrir
allt að 5 tölvur samtímis. Þú
getur tekið ferðaboxið með þér
hvert sem er innanlands.

**3G WiFi
ferðabox**
1 GB netnotkun
á mánuði fylgir!

1.990 kr.
á mán. í 12 mán.

3G ferðabox staðgreitt: 16.990 kr.
Þú velur áskrift eða frelsi.

Verðslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla,
MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919
www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

NOVA

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	116,51 117,07
Sterlingspund	185,63 186,53
Evra	160,72 161,62
Dönsk króna	21,579 21,705
Norsk króna	21,393 21,519
Sænsk króna	18,116 18,222
Japanskt jen	1,4983 1,5071

SDR 183,55 184,65

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

217,9881

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Innan við þriðjungur borgarbúa telur borgarstjóra hafa staðið sig vel í embætti: Nær helmingur ósáttur við Jón Gnarr

KÖNNUN Nærri helmingur borgarbúa telur að Jón Gnarr borgarstjóri hafi staðið sig illa í starfi, samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Alls sögðust 47,1 prósent telja Jón hafa staðið sig mjög eða frekar illa, 24,9 prósent sögðust hlutlaus og 28 prósent sögðu hann hafa staðið sig mjög eða frekar vel.

Hlutföllin eru svipuð á landsvísi, en þar eru heldur færri ósáttir og heldur fleiri hlutlausir.


Karlar eru ánægðari með Jón Gnarr, um 31,2 prósent segja hann hafa staðið sig vel í embætti en

44,4 prósent illa. Um 25,3 prósent kvenna telja hann hafa staðið sig vel, en 45,8 prósent illa.

Hringt var í 800 manns fimmtudaginn 8. september. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hversu vel eða illa finnst þér Jón Gnarr hafa staðið sig í embætti borgarstjóra í Reykjavík? Alls tóku 60,2 prósent afstöðu. Einnig var spurt: Styður þú núverandi ríkisstjórn? Alls tóku 93,3 prósent afstöðu til þeirrar spurningar.

Stuðningur við Jón Gnarr*

Hversu vel eða illa finnst þér Jón Gnarr hafa staðið sig í embætti borgarstjóra í Reykjavík?



*Meðal íbúa höfuðborgarsvæðisins. Heimild: Könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 hinn 8. september 2011.

Pórunn Björnsdóttir kórstjóri: Hlaut jafnréttisviðurkenningu

SAMFÉLAGSMÁL Þórunn Björnsdóttir, kórstjóri skólakórs Kársnesskóla til meira en þrjátíu ára, hlaut jafnréttisviðurkenningu Jafnréttis- og mannréttindaráðs Kópavogsbæjar fyrir helgi.

Um leið voru þrjár aðrar konur heiðraðar, þær Svandís Skúladóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi, Rannveig Guðmundsdóttir, fyrrverandi bæjarfulltrúi, þingmaður og ráðherra og Margrét Friðriksdóttir, skólameistara Menntaskólans í Kópavogi.

- jma



MINNTUST HINNA LÁTNU Minningarathafnir voru haldnar víða um land. NORDICPHOTOS/AFP

Japanir minnst hörmunga: Hálft ár frá jarðskjálfta

JAPAN, AP Japanir minnst þess í gær að hálft ár er liðið frá jarðskjálftanum mikla sem varð 11. mars.

Fólk minntist þeirra sem létust og þúsundir manna héldu út á götur til að krefjast þess að öllum kjarnorkuverum landsins yrði lokað.

Skjálftinn mældist níu stig, var einn af stærstu jarðskjálftum sögunnar og hratt af stað stórfloði sem lagði meira og minna í rúst alla byggð á stórum hluta norðausturstrandar landsins.

Um tuttugu þúsund manns fórust, meira en 800 þúsund heimili eyðilögðust og 400 þúsund manns hróktust að heiman.

Atburðanna haustið 2001 minnst víða um heim í gær

Tugir þúsunda komu saman í New York þar sem nýtt minnismarki um hina látnu var vígt í gær, þegar áratugur var liðinn frá árásunum á Bandaríkin. Obama forseti vitnar í Biblíuna og vísar fólki til guðs. Joe Biden varaforseti segir atburðina 11. september hafa alið af sér eina af bestu kynslóðum Bandaríkjanna.

BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti tók þátt í minningarathöfnum á þremur stöðum í gær, nefnilega í New York þar sem Tvíburaturnarnir stóðu sem tveimur farþegaþotum var flogið á, á akri í Pennsylvaníu þar sem þriðja flugvélin hrapaði og við Pentagon-bygginguna sem fjórðu vélinni var flogið á.

Víðs vegar um Bandaríkin kom fólk saman til að minnst atburðanna 11. september 2001, fyrir réttum tíu árum, þegar hópur hryðjuverkamanna rændi fjórum farþegaþotum og notaði sem vopn til að ráðast á Bandaríkin.

Einnig kom fólk saman víða um heim í sama tilgangi, meðal annars í höfuðborgum Evrópuríkja og víða í Mið-Austurlöndum.

Sums staðar notaði fólk tilefnið til að gagnrýna hernað Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum, sem hófst í kjölfar árásanna og hefur líklega kostað hundruð þúsunda lífið. Á flestum þessum stöðum kom fólk hins vegar saman til að minnst þeirra 2.800 manna sem létu lífið í árásunum á Bandaríkin og takast á við það áfall sem árásirnar ollu almenningi í Bandaríkjunum.

Í ræðu sinni í New York vitnaði Obama meðal annars í Biblíuna og fór með orð úr einum Davíðsálmannanna: „Guð er oss hæli og styrkur,“ sagði hann og hélt áfram: „Því óttumst vér eigi þótt jörðin haggist og fjöllin steypist í djúp hafsins.“

Joe Biden varaforseti sagði hins



VIÐ MINNISMERKIÐ Í NEW YORK Ættingjar og ástvinir hinna látnu lásu nöfn þeirra og lögðu blóm við. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

vegar í ræðu sinni við Pentagon, byggingu bandaríska varnarmálaráðuneytisins, að aldrei í sögunni hefði jafn fjölmennur hópur sjálfboðaliða þurft að sinna jafn krefjandi störfum. Atburðirnir haustið 2001 hefðu markað heila kynslóð Bandaríkjamanna og sú kynslóð væri meðal þeirra bestu sem

Bandaríkin hefðu alið – „og hún fæddist nákvæmlega hér hinn ellefta september,“ bætti hann við.

Í New York var í gær vígt minnismarki með tveimur ferningslaga tjörnum á staðnum þar sem Tvíburaturnar heimsviðskiptamiðstöðvarinnar stóðu. Á lágum vegg við laugarar hafa

verið rituð nöfn allra þeirra sem létu lífið þennan örlagaríka dag.

Minningarsvæðið verður opnað almenningi í dag en í gær fengu aðeins ættingjar og ástvinir þeirra sem létust að fara inn á svæðið ásamt stjórnmalamönnum og öðrum sem tóku þátt í minningarathöfninni.

gudsteinn@frettabladid.is

LÖGREGLUFRÉTTIR

Tekinn ölvaður í tvígang

Lögreglan á Selfossi stöðvaði tvítugan karlmann í tvígang á laugardagskvöld fyrir að keyra undir áhrifum fíkniefna. Þá var sextán ára drengur stöðvaður í fyrrirott en hann hafði tekið bíl foreldra sinna í leyfisleysi og boðið vinum sínum í bíltúr.

BRIDS SKÓLINN

Byrjendur ... 26. sept. ... 8 mánudagar frá 20-23
Framhald ... 28. sept. ... 8 miðvikudagar frá 20-23

- **Viltu læra brids?** Á byrjendanámskeiði Bridsskólans er ekki gert ráð fyrir neinni kunnáttu. Þú getur komið ein eða einn, með öðrum eða í hóp og það er sama hvort þú ert 18 ára eða 90. Eða þar á milli. Sjá bridge.is undir "fræðsla".
- **Viltu verða betri spilari?** Framhaldið hentar breiðum hópi spillara, bæði þeim sem töluvert kunna og eins hinum sem eru rétt að slíta fyrsta stokknum. Ekki er nauðsynlegt að vera með makker. Sjá bridge.is/fræðsla.
- **Staður: Síðumúli 37** í Reykjavík.

Uppl. og innritun í síma **898-5427** frá 13-18 daglega.

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeirsdóttir
veðurfréttamaður

HÆGARI Á MORGUN Það verður heldur stíf norðaustanátt á landinu í dag en dregur verulega úr vindi til morguns. Áfram úrkomulítið á landinu og víða bjartviðri einkum syðra. Litur út fyrir suðlæga átt með ögn hlýnandi veðri á miðvikudag.

Á MORGUN 3-8 m/s en strekkingur við A-ströndina.

MIÐVIKUDAGUR Hæg suðvestlæg eða breytileg átt.

HEIMURINN

Alicante	30°
Basel	25°
Berlín	20°
Billund	17°
Frankfurt	22°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	17°
Kaupmannahöfn	17°
Las Palmas	30°
London	19°
Mallorca	31°
New York	26°
Orlando	31°
Ósló	17°
París	21°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	18°

Vindhraði er í m/s. Hítastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Auglýsingaheildir Fréttablaðsins – Auglýsingastjóri: Jón Laufdal joni@frettabladid.is. ALMENNAR SÍMI 512-5401: Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is. ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is. SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Þórdís Hermannsdóttir thordis@365.is, Ivar Örn Hansen ivarom@365.is. RÁÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrnannar Helgason hrnannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is. ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Ama Rut Kristinsdóttir amarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is, KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason einarskulason@365.is

RAFTÆKIN EIGA SKILIÐ SMÁ

Gerðu eitthvað skemmtilegt
og óvænt fyrir raftækin þín
með rafmagninu frá okkur. Þau
eiga það svo sannarlega skilið.

STUÐ

KOMDU YFIR TIL ORKUSÖLUNNAR – VIÐ SJÁUM UM AÐ HALDA UPPI STUÐINU



FTONV/SA

KJÖRKASSINN



Á Latibær framtíð fyrir sér?

Já	78%
Nei	22%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ferð þú í réttir?

Segðu skoðun þína á visir.is.



6

Þjóðskrá Íslands tilnefnd til alþjóðlegrar viðurkenningar fyrir fasteignamat:

Þjóðskrá í flokki þeirra bestu

STJÓRNSÝSLA „Þetta kemur okkur ánægjulega á óvart, við vissum að við værum til skoðunar en tilnefningin er framar okkar vonum,“ segir Haukur Ingibergsson, forstjóri Þjóðskrár Íslands.

Alþjóðasamtök sérfræðinga á sviði fasteignamats, The International Association of Assessing Officers eða IAAO, hafa tilnefnt Þjóðskrá Íslands til æðstu viðurkenningar sem samtökin veita fyrir framúrskarandi aðferðir við mat á fasteignum og miðlun upplýsinga um matið.

„Viðurkenningin er vísbending

fyrir alla þá sem þurfa að nýta fasteignamat við vinnu sína um að vel sé staðið að framkvæmd matsins. Fyrir þremur árum var fasteignamatið alfarið flutt til Þjóðskrár Íslands og við höfum unnið að því að það endurspegli gangverð og raunverulegt verðmæti eignanna. Þetta styður þá tilfinningu okkar



HAUKUR INGIBERGSSON

að vel hafi tekist til og það sést líka á því að undanfarin þrjú ár hefur kærur vegna fasteignamats fækkað.“ Tilkynnt verður á ársþingi IAAO í Phoenix í Arizona í Bandaríkjunum 20. september næstkomandi hver hlýtur viðurkenninguna en Haukur segir það sjaldan gerast að viðurkenningin falli evrópskum stofnunum í skaut.

Í vali IAAO er meðal annars bent á að Þjóðskrá Íslands hafi með nýjstu tækni og aðferðum við fasteignamat skipað sér í forystu í alþjóðlegu samhengi, þrátt fyrir efnahagsþrengingar.

-jma

Hrina jarðskjálfta á Hellsheiði:

Skjálftar vegna jarðrannsóknna

NÁTTÚRA Á annað hundrað jarðskjálftar mældust um helgina á Hellsheiði. Flestir skjálftanna voru litlir en sá stærsti mældist 2,4 á Richter. Ástæða hrinunnar er rakin til jarðhitarannsóknna á vegum Orkuveitu Reykjavíkur.

Hjörleifur Sveinbjörnsson jarðfræðingur sagði í samtali við Vísi að skjálftavirkni af þessu tagi væri eðlileg miðað við rannsóknir á svæðinu. „Það er hluti af rannsóknarferlinu að finna réttu sprunguna,“ sagði Hjörleifur Sveinbjörnsson.



HEF FLUTT MIG UM SET

Byð alla gamla og nýja viðskiptavinum velkomna

Gerður Sævarsdóttir hársnyrttimeistari

GREIÐAN

Háaleitisbraut 58-60
sími 5813090 / 8621323

Litla-Hraun dýrara en Hólmsheiði

Dýrara er að stækka fangelsið á Litla-Hrauni en að byggja nýtt á Hólmsheiði. Það stangast á við yfirlýsingar þingmanna Suðurlkjördæmis. Ferðakostnaður á nýtingartíma yrði tæpum 600 milljónum króna meiri á Hrauninu.

FANGELSISMÁL Stækkun og endurbætur á fangelsinu á Litla-Hrauni eru dýrari kostur en að byggja nýtt fangelsi á Hólmsheiði. Samkvæmt forathugun sem gerð var árið 2008 var gert ráð fyrir að heildarkostnaður við uppbyggingu á Litla-Hrauni næmi samtals 3 milljörðum króna. Kostnaðaráætlun nýs fangelsis á Hólmsheiði hljóðar upp á 2,1 milljarð króna.

Þetta kemur fram í upplýsingum frá sérfræðingum innanríkisráðuneytisins.

Samkvæmt faglegu mati þarf að byggja móttökuhús á Litla-Hrauni áður en hægt er að fjölga fangarýmum. Annars yrði að gefa eftir varðandi öryggismál, aðstöðu starfsfólks, aðstöðu kvenfanga og því að halda hópum aðgreindum innan fangelsisins. Þar að auki þarf að endurnýja girðingar fangelsisins að fullu. Fyrr er ekki hægt að hefja framkvæmdir við sjálf fangarým.

Forathuginin gerði ráð fyrir 42 nýjum fangarýmum á Litla-Hrauni. Áætlanir varðandi Hólmsheiði gera ráð fyrir 56 nýjum rýmum.

Yrði Litla-Hraun fyrir valinu þyrfti einnig að bæta aðstöðu fyrir gæsluvarðhaldsfanga á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru uppi hugmyndir um nýja lögreglustöð á höfuðborgarsvæðinu með slíkum rýmum. Hrunið sló slíkar hugmyndir út af borðinu.

Deloitte vann athugun á kostnaðarauka við staðsetningu á nýju fangelsi. Þar kemur fram að verði fangelsið á Litla-Hrauni frekar en á Hólmsheiði þýði það 26,2 milljónir króna árlega í ferðakostnað. Á nýtingartíma



LITLA-HRAUN Endurbætur á fangelsinu á Litla-Hrauni eru tæpum milljarði dýrari en nýtt fangelsi á Hólmsheiði. Þá myndi aukinn ferðakostnaður á nýtingartíma nema tæpum 600 milljónum króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ummæli þingmanna úr Suðurlkjördæmi

„Síðan langar mig einnig að vita í hverju þessi hagkvæmni felst. Það hefur komið fram að lagðar hafi verið fram skýrslur um uppbyggingu fangelsismála, til að mynda við viðbyggingu á Litla-Hrauni sem hefur verið sýnt fram á að sé mjög hagkvæm, mun ódýrari...“

Sigurður Ingi Jóhannsson, þingmaður Framsóknarflokksins

„Ég held að það blasi við, til að fá sem mest út úr fjármunum ríkisins að byggja við hið stórgóða öryggisfangelsi við Eyrarbakka, Litla Hraun, en byggja nýtt komu- og gæsluvarðhaldsfangelsi á Reykjavíkarsvæðinu, menn geta valið því stað hvar sem er, fyrir miklu minni fjármuni. Þarna er ráðherra að tala um nýtt fangelsi, öryggis- og gæsluvarðhalds fyrir á þriðja milljarð króna.“

Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar

fangelsisins næmi sú tala 584 milljónum króna að núvirði.

Samkvæmt Fangelsismálastofnun yrði hægt að manna nýtt fangelsi innan höfuðborgar-

svæðisins með lágmarksfjölda fangavarda, gegn því að kallað væri eftir aðstoð frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins ef þurfa þætti.

kolbeinn@frettabladid.is

20% afsláttur af Vitabiotics vítamínunum í Lyfjum & heilsu

afslátturinn gildir til 30. september 2011



VITABIOTICS VÍTAMÍNLÍNAN

fæst í öllum verslunum Lyfja & heilsu

Finndu það vítamín sem hentar þér og þú færð öll næringarefni sem þú þarfnast.

Kynntu þér vítamínin nánar á Vitabiotics síðunni á Facebook.



Lyf & heilsa
við hlustum!

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.



Meiri Vísir.



Sunnapatagund frá Afríku líklega einn af forfeðrum mannkyns:

Skyldleikinn þykir ótvíræður

VÍSINDI Tveggja milljón ára gömul bein úr lífveru sem líkist bæði öpum og mönnum virðist hafa verið einn af „týndu“ liðunum í þróun tegundanna frá öpum til manna.

Vísindamenn sem rannsakað hafa steingervinga beinanna segja fund þeirra hafa markað tímamót í rannsóknunum á forsögu mannsins. Bein úr kvenapa og dreng fundust árið 2008 í hellum skammt frá Jóhannesarborg í Suður-Afríku.

Árið 1974 fannst á þessum sömu slóðum fræg beinagrind af apakonunni Lucy, sem er af sunnapatagundinni Australopithecus afarensis, en vísindamenn telja þessa tegund sunnapa skylda forfeðrum manna án þess þó að nútímamaðurinn sé beinn afkomandi hennar.

Nýfundnu beinagrindurnar eru af ættkvísl sunnapa, Australopithecus, eins og Lucy, en af annarri tegund, sem hefur fengið nafnið Australopithecus sedipa. Tegundarheitið sedipa þýðir brunnur eða uppsprettulind á máli Sotho-manna í Suður-Afríku.

Af beinagrindunum tveimur má sjá að heili, hendur



BEININ FORNU Bein úr litlum apadrenge og ungum kvenapa fundust árið 2008 í Suður-Afríku.

NORDICPHOTOS/AFP

og fætur þessarar tegundar eiga það mikið sameiginlegt með heila, höndum og fótum nútímamannsins að mjög líklega er þarna um beinan forföður okkar að ræða.

-gb

SHIFT_the way you move



(Ó)VENJULEGA TÝPAN



NISSAN JUKE

TIL AFGREIÐSLU
STRAX

Viltu eiga alveg eins bíl og nágranninn? Finnst þér gaman að villast á bílum á bílastæðinu í Kringlunni? Hélt ekki. Juke fer sínar eigin leiðir, hinir elta hjörðina.

www.nissan.is

Sjálfskiptur

5 dyra

1600 cc

Meðaleyðsla 6,3 l/100 km

Verð **3.990 þús. kr.**



FRÉTTASKÝRING: Staðgöngumæðrun á Íslandi

Hagur barnsins verði settur í fyrsta sæti

Þingsályktunartillaga um staðgöngumæðrun hefur tekið talsverðum breytingum í meðförum heilbrigðisnefndar. Nefndin viðurkennir að margvísleg úrlausnarefni bíði starfs hóps sem fá það verkefni að semja frumvarp um staðgöngumæðrun, ef til þess kemur. Álitamálin eru enda mörg, en hér er stíklátt á stóru.

Gera má ráð fyrir því að umræður um staðgöngumæðrun haldi áfram á næstunni, hvort sem Alþingi samþykkir eða hafnar þingsályktunartillögu um að undirbúa skuli frumvarp sem leyfi hana. Skoðanir eru skiptar, hvort sem er á Alþingi eða annars staðar. Mikill meirihluti aðspurðra í könnun Fréttablaðsins í janúar vildi að staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni yrði leyfð hér á landi. Meirihluti umsagnaraðila um þingsályktunartillöguna var ekki á sama máli, og setti ýmsa varnagla við tillöguna. Vinnuhópur um staðgöngumæðrun sem heilbrigðisráðherra skipaði taldi ekki tímabært að heimila staðgöngumæðrun.

Breytingar má sjá á þeirri tillögu sem kom út úr heilbrigðisnefnd á dögunum og þeirri upprunalegu, eins og greint var frá í blaðinu fyrir helgi. Þrátt fyrir að mikil vinna sé eftir og ekki hafi verið tekin endanleg afstaða til ýmissa mála er hið pólitíska leiðarljós skýrt að mati heilbrigðisnefndar – að tryggja í fyrsta lagi hag barnsins, að tryggja í öðru lagi rétt, sjálfræði og velferð staðgöngumóðurinnar og fjölskyldu hennar, og að tryggja í þriðja lagi farsæla aðkomu hinna verðandi foreldra.

Hagur barnsins

Öðru fremur verður að tryggja „hag barnsins, rétt barnsins til kærleiksríkra foreldra, verndar, umönnunar og góðra uppeðis-skilyrða,“ eins og segir í nefndarálitinu. Réttindi barna eiga að ganga framur réttindum hinna fullorðnu. Þau eiga samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna rétt á því að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

Samkvæmt íslenskum lögum er sú kona sem fæðir barn alltaf

móðir þess og faðir barnsins skráður maki hennar nema tilkynnt sé um annað. Í upprunalegu tillögunni var gert ráð fyrir því að breyta þyrfti þessari skilgreiningu en það var nokkuð gagnrýnt. Heilbrigðisnefnd telur þó að best sé að ekki sé hróflað við þeirri skilgreiningu laga að sú kona sem gengur með og fæðir barnið sé móðir þess. Þá yrði farið í einhvers konar ættleiðingarferli til þess að breyta móðerni barnsins.

Samkvæmt barnalögum eiga börn líka rétt á því að þekkja uppruna sinn. Tæknifrjóvgunarlög gera hins vegar ráð fyrir því að þegar um gjafakynfrumur er að ræða geti frumgjafar óskað nafnleyndar. Væntanlegir foreldrar geta ráðið því hvort valinn er þekktur gjafi eða ekki, og þess má geta að ódýrara er að fá gjafasæði frá óþekktum gjafa. Börn sem eru ættleitt hafa hins vegar möguleikann á því að þekkja uppruna sinn að því marki sem hægt er.

Heilbrigðisnefnd Alþingis segir að farsælast yrði að einstaklingar sem getnir yrðu með hjálp staðgöngumóður hefðu fullan aðgang að öllum upplýsingum um tilurð sína, þegar þeir hefðu aldur og þroska til.

Staðgöngumóðir

Upprunalega var gert ráð fyrir því að bindandi samkomulag yrði gert milli staðgöngumóður og verðandi foreldra. Með slíku samkomulagi átti að koma í veg fyrir að vandamál sköpuðust ef annað hvort staðgöngumóðir eða verðandi foreldrar vildu hætta við, eins og dæmi eru um að hafi gerst. Ákvæðið var harðlega gagnrýnt og sagt brjóta í bága við mannréttindi, enda væri kona að gefa frá sér umráðarétt yfir eigin líkama með því að gangast undir slíkt samkomulag.

Á þetta felst heilbrigðisnefnd ekki og segir að ekkert samkomulag geti tekið þennan skýlausa rétt frá konu. Mikilvægt sé að standa vörð um rétt staðgöngumóður, því ýmislegt geti komið upp á meðgöngu og í fæðingu. Samkomulag eigi ekki heldur að geta svipt staðgöngumóður barni sínu ef hún hætti við að gefa það frá sér.

Erfitt að greina á milli?

Munur á milli staðgöngumæðrunar sem velgjörðar og í hagnaðarskyni getur verið óljós. Til dæmis fylgir því kostnaður að ganga með barn og réttlátt hefur þótt að sá kostnaður lendi ekki á staðgöngumóðurinni. Læknis-



STAÐGÖNGUMÆÐRUN Heilbrigðisnefnd Alþingis telur farsælast að einstaklingar sem eru getnir með hjálp staðgöngumóður hafi fullan aðgang að upplýsingum um tilurð sína þegar þeir hafa aldur og þroska til. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

kostnaður og tekjutap eru dæmi um það sem greitt hefur verið fyrir staðgöngumæðrun í öðrum löndum, til að mynda Bretlandi. Erfitt getur verið að meta hvað á að falla undir þennan kostnað og upphæðirnar geta orðið talsverðar. Þannig segja gagnrýnendur að komið sé á markaðsverð fyrir hverja meðgöngu, þrátt fyrir að ekki megi ganga með börn fyrir aðra í hagnaðarskyni. Þar sem mörk séu óskýr geti verið erfitt að hindra að staðgöngumæðrun verði að markaðsvörum.

Heilbrigðisnefnd er þeirrar skoðunar, eins og flutningsmenn tillögunnar og aðrir stuðningsmenn staðgöngumæðrunar, að ef staðgöngumæðrun sé áfram bönnuð muni fólk leita til útlanda eða leita annarra leiða til þess að eignast barn. Mörg dæmi eru um það á Íslandi, hið síðasta varð kveikjan að mikilli umræðu í íslensku samfélagi. Því sé betra að setja lög og fylgjast þannig með framkvæmdinni. Hvað sem verður er ljóst, eins og nefndin segir, að margvísleg úrlausnarefni bíða starfshóps sem mögulega verður skipaður um málið.

Pórunn Elísabet Bogadóttir
thorunn@frettabladid.is



Vilja frekar ættleiðingar

Margir umsagnaraðilar settu fram þá skoðun að ríkið ætti frekar að beita sér fyrir því að rýmka ættleiðingarlög og gera ættleiðingu að raunverulegu úrræði fyrir þá sem vildu stofna eða stækka fjölskyldu sína. Út frá hagsmunum barna ætti frekar að tryggja fleiri börnum sem nú þegar eru fædd réttinn til lífs og þroska, eins og kveðið er á um í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Mörg börn nytu ekki grundvallarréttinda þegar þau væru komin í heiminn og mikill fjöldi væri munaðarlaus. Skilyrði til ættleiðinga eru mjög þröng og ættleiðingarferlið er langt og flókið.

Meirihluti heilbrigðisnefndar segist taka undir að stjórnvöld eigi að beita sér af afefni fyrir rýmri og víðtækari ættleiðingarlöggjöf. Slíkt grafi hins vegar ekki undan því sjónarmiði að heimila eigi staðgöngumæðrun. Eina leiðin til að efla ættleiðingar væri að semja við fleiri lönd, sem væri flókið og erfitt.

Höfum þegar gengið lengra en aðrir

Skýrsla vinnuhóps um staðgöngumæðrun og margir umsagnaraðilar vilja að samráð verði haft við hin Norðurlandarákin í þessum málum. Rétt sé að fylgja þróuninni þar og æskilegt sé að eiga samleið með þeim um hvort og hvenær eigi að leyfa staðgöngumæðrun. Þessu er heilbrigðisnefnd þingsins ekki sammála og tekur þannig undir sjónarmið þingmanna sem hafa barist fyrir framgöngu málsins. Ísland hefur nefnilega nú þegar gengið lengra í tæknifrjóvgunarmálum en önnur Norðurlandarákin. Þegar lög um tæknifrjóvgun voru sett fyrir fimmtán árum síðan var ramminn utan um þau mjög strangur en það hefur síðan breyst mikið. Kona sem getur gengið með barn getur fengið gjafaegg og gjafasæði, glasafrjóvgun jafnt sem tæknifrjóvgun. Þetta gildir hvort sem konan er í sambúð með manni eða konu eða einhleyp. Þróunin í þessum málum hefur því verið hröð. Ragnheiður Elin Árnadóttir þingmaður hefur sagt að því hafi síðferðilegum álitamálum verið svarað. Salvör Nordal hjá Síðfræðistofnun hefur á móti sagt að þróunin hafi átt sér stað án mikillar umræðu og hættulegt væri að stíga skrefið enn lengra.

Mörgum mun þykja það ósanngjarnt ef aðeins verður miðað við gagnkynhneigð þór. Það væri einnig í ósamræmi við íslensk lög, sem innihalda enga mismunun gegn samkynhneigðum. Ef samkynhneigðir karlar fengju að nýta sér staðgöngumæðrun væri ekki lengur aðeins um læknisfræðilegar ástæður að ræða og mögulegt að löggjöfin myndi vikka enn frekar.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins efna til opins morgunverðarfundar föstudaginn 16. september á Hilton Reykjavík Nordica kl. 8.30-10.00.

HVERT STEFNIR EVRÓPA?

EUROPEAN BUSINESS OUTLOOK

Efni fundarins er staða atvinnulífsins í Evrópu og hagvaxtarhorfur ásamt mögulegum áhrifum á íslenskt efnahagslíf. Aðalræðumaður verður **Philippe de Buck**, framkvæmdastjóri BUSINESSEUROPE (samtaaka atvinnulífsins í Evrópu).

Þátttakendur í umræðum að loknu erindi de Buck eru **Már Guðmundsson**, seðlabankastjóri, **Árni Oddur Þórðarson**, forstjóri Eyrís og stjórnarformaður Marelis og **Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir**, alþingismaður.

Fundurinn fer fram á ensku. Allir velkomnir.



BUSINESSEUROPE eru stærstu samtök sinnar tegundar í Evrópu og málsvari yfir 20 milljón fyrirtækja sem flest eru lítil eða meðalstór. Aðild að BUSINESSEUROPE eiga 41 atvinnurekendasamtök frá 35 löndum, þar á meðal Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

SAMTÖK IÐNAÐARINS

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku á www.sa.is



Electrolux
EWF-146310W Þvottavél
 Mest selda þvottavélin okkar. Ótrúlega lág bilanatiðni. Vélin er hlaðin þægindum og nýrri tækni. Byður uppá sveigjanlegan þvottatíma.
 ✓ Hraðval 30-55% tímasparnaður á algengum kerfum
 ✓ 1400 sn. stillanlegur vinduhráði
 ✓ Mörg sérkerfi þ.á.m. Woolmark ullarkerfi og handþvottakerfi
 ✓ Seinkun á gangsetningu 0-23 klst.
 ✓ Tímaskjár
 ✓ Ofnæmisskolun möguleg
 ✓ A+/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vindu
 ✓ Fullt verð kr 124.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
89.900
 SPARAÐU 35.000



Electrolux
EDC-47100 Barkalaus þurrkari
 Barkalaus þurrkari með rakaskynjara og 8 mismunandi þurrkerfum.
 Tekur allt að 7 kg.
 ✓ Sérkerfi m.a. fyrir viðkvæman fatnað, gallabuxur, ull og silki.
 ✓ Stór luga 43x33 cm
 ✓ Krumpuvörn og niðurbæling á taui
 ✓ Seinkun á gangsetningu 0-9 klst.
 ✓ Hljóðlátur
 ✓ Fullt verð kr 124.900



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
79.900
 SPARAÐU 45.000



ZANUSSI
ZCV-662MW Eldavél hvít
 Eldavél með keramik helluborði og XXL 74 lítra ofni, u.þ.b. 30% stærri en áður.
 ✓ Undir- og yfirhiti ásamt grilli
 ✓ 4 hellur þ.á.m. 1 stór hella
 ✓ Prefalt gler í ofnhurð
 ✓ 1 bökunarplata, skúffa og grind fylgir
 ✓ Barnalæsing
 ✓ Orkuflökkur A
 ✓ HxBxD: 85/90 x 59,5 x 60 cm
 ✓ Verð áður kr 144.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
109.900
 SPARAÐU 35.000

XXL OFN



SPANSUÐA

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
109.900
 SPARAÐU 50.000

Electrolux
DIK-2461RF Spansuðuhelluborð
 Mjög flott spansuðuhelluborð með stálkanti, stop&go, booster hellum og klukku
 ✓ Booster háhraðahellur
 ✓ Snertitakkar og LED skjár
 ✓ Suðusjálfvirkni - lækkar sjálfkrafa hitann
 ✓ Tímastillir 99 mínútur
 ✓ Barnalæsing
 ✓ Einnig fánlegt með glerkanti
 ✓ Verð áður kr 159.900



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
29.900
 40% AFSLÁTTUR

exquisit
COOL50 Kæliskápur
 Nettur 85 cm hár kæli-
 skápur með litlu ishófi.
 Verð áður kr 49.900



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
54.900
 SPARAÐU 20.000

exquisit
KGC-270/45 Kæli/frystisk.
 143 cm hár kæli-
 skápur með sér frysti að
 ofanverðu.
 HxBxD 143x55x58 cm
 Verð áður kr 74.900

exquisit
GS-111 Frystiskápur
 85 cm hár frystiskápur
 með þremur skúffum
 Verð áður kr 54.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
39.900
 SPARAÐU 15.000



AEG
F-45010M uppþvottavél
 Hljóðlát og vel búin uppþvottavél með sjálfvirkri aðalakerfi sem stýrir tíma, vatnsnotkun og hitastigi sjálfkrafa
 ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, sjálfvirkt kerfi 45-70°C og 30 mín. 60°C hraðkerfi ásamt skolon
 ✓ Sveigjanleg innrétting sem hentar öllu uppvaski með niðurfellanlegum diskastöðum fyrir stóra hluti s.s. potta og skálar.
 ✓ Seinkun á gangsetningu möguleg 0-19 klst.
 ✓ A/A/A toppeinkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun. Ath. án toppplötu.
 ✓ Fullt verð kr 139.900 / 144.900

HVÍT EÐA STÁL

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
99.900
 SPARAÐU 45.000



45 CM BREIÐ

exquisit

GSP-909EAL Uppþvottavél
 45 cm breið uppþvottavél frá Exquisit í Þyskalandi með góðri innréttingu
 ✓ 6 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, almennt kerfi og 30 mín. hraðkerfi
 ✓ Framstillt ræsing möguleg
 ✓ Góð þurrkuna
 ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
 ✓ Með toppplötu. Til innbyggingar eða fristandandi
 ✓ Fullt verð kr 79.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
69.900
 SPARAÐU 10.000



VERÐVAKT RAFHA

%

VERÐVAKTIN
 Við fylgjumst grannt með keppinautum okkar og höfum lækkað verðið!



NÝ SENDING!

Electrolux
ESB-4400 Blandari
 Byltingarkenndur ofurhljóðlátur blandari með kraftmiklum 600W mótör. Þríhyrningslöguð glerkanna sem blandar betur og hraðar. 6 hraðastillingar. Auðveldur í þrifum. Malar ís létt. Verð áður kr 21.900

MALAR ÍS

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
14.900
 32% AFSLÁTTUR

Hljóðlátasti blandarinn á markaðinum!
Powermix SILENT
 The quietest blender ever by Electrolux



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
15.990
 30% AFSLÁTTUR



NÝ MÖTÖR-TÆKNI

AEG

CE-1400B Ryksuga
 Ný ryksuga með nýjstu mótortækni sem notar eingöngu 1400W orku en skilar afli á við 2200W ryksugu.
 ✓ 375 sogwött
 ✓ Vegur aðeins 4,75 kg
 ✓ Stillanlegur sogkraftur
 ✓ 9,5 metra vinnuradius
 ✓ Nýr endurbættur ryksuguhaus
 ✓ 3,5 lítra S-Bag ryksugupoki
 ✓ Verð áður kr 22.990]

Aurora ryksugupokar flestar gerðir
 Vandaðir ryksugupokar sem passa í nær allar gerðir af nýlegum ryksugum. Mundu eftir að koma með týpu og gerð.



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
2.990
 SPARAÐU 1.000

2x5 POKAR

Rafha ehf

Opið
 Virka daga 10-18
 Laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108
 Reykjavík
 Sími 5880500
 www.rafha.is



LAGT Á BORD FÝRIR FÍLANA Filarnir sem tóku þátt í filapólo í Taílandi í vikunni gæða sér á ávöxtum í leikhléi.

NORDICPHOTOS/AFP

Landsbankinn og Innovit undirrita samkomulag um frumkvöðlastarf:

Efna til nýsköpunarhelga um landið

NÝSKÖPUN Landsbankinn og nýsköpunar- og frumkvöðlasetríð Innovit hafa undirritað samning um svokallaðar atvinnu- og nýsköpunarhelgar, þar sem fólki mun gefast færi á að kynna hugmyndir sínar og fá ráðgjöf frá sérfræðingum.

Sex slíkar helgar verða haldnar í veturni í samstarfi við sveitarfélögin á hverjum stað. Í lok hverrar þeirra verða veittar viðurkenningar fyrir bestu hugmyndirnar í nokkrum flokkum. Fyrsta helgin verður á Suðurnesjum 30. september.

„Við ætlum okkur að vera hreyfi- afl í samfélaginu og koma hjólum



VIÐ UNDIRRITUNINA Steinþór Pálsson og Kristján Freyr Kristjánsson ganga frá samkomulaginu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

atvinnulífsins af stað á ný,“ er haft eftir Steinþóri Pálssyni, forstjóra Landsbankans, í tilkynningu um

málið. „Bankinn er jafnframt búinn að koma á fót sprotta- og nýsköpunarþjónustu þar sem að einstaklingar með góða viðskiptahugmynd og vilja stofna eigið fyrirtæki fá greiðan aðgang að faglegri ráðgjöf, fjármögnun og fjármálaþjónustu.“

„Verkefnið gerir það að verkum að hver sá sem fær viðskiptahugmynd getur farið af stað og unnið af fullum krafti í tvo heila sóla- hringa með öllum helstu sérfræðingum sem geta veitt ráð um uppbyggingu og stofnun fyrirtækja,“ segir Kristján Freyr Kristjánsson, framkvæmdastjóri Innovit. -sh

Fimmtán ára í vímu:

Handtekinn við innbrot í búð

LÖGREGLUMÁL Fimmtán ára piltur var handtekinn í verslun 11-11 við Þverbrekku í Kópavogi í gærmorgun. Hann hafði brotið rúðu til þess að komast inn í verslunina.

Pilturinn var undir miklum áhrifum áfengis og vímuefna og var því vistaður í fangaklefa þrátt fyrir ungan aldur.

Foreldrum pilsins var gert viðvart og jafnframt hefur málið verið sent barnaverndar- yfirvöldum. Grunur leikur á að pilturinn hafi átt sér samverkamenn við innbrotið.

Flugfreyjufélagið boðar fund: Kjósa um allsherjarverkfall

KJARAMÁL Flugfreyjur og flugþjónar hjá Icelandair munu leggja niður störf 26. og 27. september og svo aftur 3. og 4. október, samþykki Flugfreyjufélag Íslands að fara í allsherjarverkfall. Verði enn ekki samið þá skellur á allsherjarverkfall 10. október. Verfall flugfreyja myndi setja flugáætlun Icelandair í mikið uppnám.

Boðað hefur verið til félagsfundar á miðvikudag og mun niðurstaða kosningar um boðun verkfalls að líkindum liggja fyrir á föstudag.

Kjaraviðræður hafa staðið yfir í tíu mánuði en Flugfreyjufélagið vísaði deilunni til Ríkissáttasemjara í maí. Eftir samningalotur í sumar telja flugfreyjur að of mikið beri í milli til þess að samningur náist.

Magnús Tumi Guðmundsson skýrir stöðuna:

Farið yfir nýlegar jarðhræringar á íbúafundi

VÍK Farið verður yfir nýlegar jarðhræringar í Eyjafjallajökli á íbúafundi í Vík í Mýrdal í kvöld. Þar mun Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur skýra stöðuna fyrir heimamönnum, að sögn Ásgeirs Magnússonar, sveitarstjóra Mýrdalshrepps.



MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON

Ásgeir segir að lengi hafi staðið til að halda fund sem þennan. „Hann tengist svo sem ekki endilega þeirri stöðu sem er uppi einmitt núna. Það hefur bara

staðið til lengi að fara yfir þessi mál,“ segir hann. „Staðan hefur verið töluvert til umfjöllunar upp á síðkastið og þess vegna var ákveðið að gera þetta núna svo fólk fengi að vita aðeins meira en við þessa hefðbundnu tveggja mínútna yfirferð í fréttatímum.“

Almannavarnarnefndin á svæðinu, undir forystu Kjartans Þorkelssonar, sýslumanns á Hvolsvelli, stendur fyrir fundinum. Ásgeir segir að ekki verði farið yfir rýmingaráætlanir eða neitt slíkt á fundinum, enda séu þær æfðar reglulega og flestir ættu að vera vel skólaðir í þeim.

Fundurinn verður í Leikskálum og hefst klukkan átta.

-sh



Á RÖKSTÓLUM Hópur Evrópuþingmanna hitti fulltrúa Evrópusinna og Heimssýnar á fundi í gær. Evrópuþingmennirnir voru ánægðir með fundinn og að fá að kynna áherslum hreyfinganna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Segja rökræður mikilvægar umsóknarferli

Evrópuþingmenn kynntu sér sjónarmið Evrópusinna og Heimssýnar í Íslandsheimsókn. Formaður Heimssýnar segir þörf á kynningu á samfélags- umræðu. Evrópusinnar eru bjartsýnir á framhaldið.

EVROPUMÁL „Umræðan hér á landi er mjög líflæg. Mjög evrópsk,“ sagði Cristian Dan Preda, Evrópuþingmaður og forspraki sendinefndar Evrópuþingmanna sem sótti Ísland heim í vikunni. Preda lét þessi orð falla í samtali við Fréttablaðið eftir fund með fulltrúum Evrópusinna og Heimssýnar á föstudag.

Evrópuþingmennirnir komu hingað til lands til að kynna sér stöðu mála og hittu meðal annars ráðherra, þingmenn og aðila vinnu- markaðarins.

Á fundinum með Heimssýn og Evrópusinnnum fóru talsmenn hreyfinganna yfir sínar áherslur og var meðal annars farið yfir helstu álitamál varðandi umsóknarferli Íslands.

Preda, sem er Rúmeni, var ánægður með fundinn og að fá að kynna báðum hliðum málsins.

„Þetta er góð umræða. Hlutföllin milli þeirra sem eru fylgjandi og gegn aðild eru misjöfn eftir löndum og andstaðan hér á landi er ekki einstök.“

Máli sínu til stuðnings nefnir hann andstöðu sem er nú til staðar innan Króatíu og Tyrklands, ólíkt því sem var í gömlu austurblokkinni þar sem mikill meirihluti var jafnan fyrir aðild.

„Rökræður sem þessar eru mikilvægar og gagnlegar fyrir alla aðila og við virðum auðvitað öll sjónar- mál.“

Ásmundur Einar Daðason, formaður Heimssýnar, sagði í samtali við Fréttablaðið að fundurinn hefði verið áhugaverður.

„Það var jákvætt að þingmennirnir vildu kynna sér stöðu mála, en það sem vakti athygli mína umfram annað var að mér fannst sem þeim kæmi á óvart hversu mikil andstaða væri við ESB-aðild hér á Íslandi.“

Ásmundur finnst það bændu til þess að íslenskir embættismenn og forystumenn ríkisstjórnarinnar hafi ekki staðið sig sem skyldi í að gefa rétta mynd af íslenskri samfélagsumræðu um ESB-aðild.

„Það er mikilvægt að kynna afstöðu Íslendinga með markvissum hætti og við munum brátt hefja þá vinnu. Fyrst af öllu með því að hitta þá fulltrúa ESB

sem koma hingað til lands.“

Bryndís Ísfold Hlödversdóttir, framkvæmdastjóri Já-Íslands, sagði í samtali við Fréttablaðið að fundurinn hefði verið áhugaverður. Hún sagði að nýlegar viðhorfskannanir sýndu að Já-hreyfingin þyrfti að taka sig á í að kynna sinn málstað.

„Við erum bara rétt að byrja og erum bjartsýn á framhaldið. Við þurfum að vera duglegri í að ræða við fólk og skýra hvað felst í aðild. Það hefur sýnt sig að eftir því sem fólk er upplýstara um ESB, þeim mun jákvæðara verður það.“

thorgils@frettabladid.is

BOSTON

FRÁ 30.900KR

Eftirlitshandurinn minn í Boston er Harvard Museum of Natural History. Boston kemur samant orrið og bandarísk menning og strölega kröftug þjóðsamfélag sem þú borgina magnaða. Vápnaldsvotinga- stöðunum minn þú er 0 Ya Sushi er matunum í Boston er frábær og öll þessi minni-þinghúsin eru ekki til að fara frá. Þetta er góð.

Ejmur Skúlason

+ Bókaðu flug á www.icelandair.is

Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar. Þessi ferð gefur frá 2.100 til 6.300 Vildarpunkta aðra leiðina.



Finndu okkur
á fasbókinni 



Nýtt tákni um gæði



FÁÐU ÞÉR VÉLSLEÐA EF ALDRIFINN FORD KUGA DUGIR ÞÉR EKKI.



3YDDU Í 5P4RN4Ð. K0MDU Í 3R1M30RG. K4UPTU ALDR1F1NN OG 5P4RN3YT1NN SP0RTJ3PP4, FORD KUG4 Í D4G.

Verð frá 2.420.000 kr.
Veldu Ford Fiesta



Veldu Ford Focus

Verð frá 3.350.000 kr.
Fáanlegur langbakur



Verð frá 3.670.000 kr.
Veldu Ford C-Max



Veldu Ford Mondeo

Verð frá 4.340.000 kr.
Fáanlegur langbakur



Nýr sportjeppi
Veldu Ford Kuga AWD



Aldrifinn Ford Kuga dísil 2,0 TDCi, 140 hestöfl með 320 Nm togkraft. 6 gíra beinskíptur. Notar aðeins 5,1 ltr. dísil á hundraðið í langkeyrslu. 5 dyra og fallegur. Koltvísýringur CO2 159 g/km. Fáanlegur með sjálfskiptingu.

Verð frá 5.690.000 kr.
Kynntu þér vandlega framlengda verksmiðjuábyrgð Ford.

Vertu í hópi þeirra bestu
Veldu Ford í dag


visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað



Opið milli 9 og 17 í dag


brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | ford.is

Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Ford á Íslandi.

Hvenær er rétti tíminn til að sækja um aðild að ríkjasambandi sem er í stöðugri þróun?

Aðildarferlið og skynsemin

A vefnum skynsemi.is er nú efnt til undirskriftasöfnunar til stuðnings því að Alþingi leggi umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu til hliðar. Þar koma fram þrjár meginröksemdir fyrir því að hætta aðildarviðræðunum. Í fyrsta lagi að Evrópusambandið hafi breytt frá því að sótt var um aðild og óvissa ríki um framtíð þess og myntbandalags Evrópu. Í öðru lagi sé umsóknin dýr og stjórnsýslan eigi fremur að beina kröftunum að „mun brýnni verkefnum“.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Loks sýni skoðanakannanir yfirgnæfandi og vaxandi andstöðu við aðild að ESB.

Ef mark væri takandi á rökunum um breytingar á Evrópusambandinu og óvissu um framtíðina hefði ekkert ríki átt að sækja um aðild að ESB frá upphafi, því að samstarf ríkjanna í sambandinu er í stöðugri þróun

og sífelld óvissa er um framtíðina. Þrátt fyrir ótal spádóma um endalok Evrópusamstarfsins hefur ESB bæði stækkað – aðildarríkin eru nú 21 fleiri en í upphafi – og samstarfið dýpkað.

ESB var stofnað til að auðvelda aðildarríkjunum að leysa ýmiss konar vandamál með því að leggja saman krafta sína og deila ríkisvaldinu á ákveðnum sviðum. Spurningin um aðild að Evrópusambandinu snýst ekki um stöðu mála í sambandinu á hverjum tíma, heldur þessa aðferðafræði við að leysa vandamál. Hún hefur gefizt vel og í langflestum aðildarríkjunum er það almenn skoðun að aðildin hafi reynzt vel.

Þeir sem halda því fram að enn eigi að bíða með aðildarumsókn minna á manninn sem vildi ekki fá sér sjónvarp á sínum tíma af því að hann taldi víst að þróun sjónvarpstækninnar væri svo hröð að bezt væri að bíða þangað til komin væru betri sjónvörp. Hann hefur misst af sjónvarpsdagskránni alveg frá 1966, því að alltaf er meiri breytinga að vænta.

Rökin um kostnað við aðildarferlið og dreifða krafta stjórnsýslunnar halda ekki heldur. Líklega hefur ekkert aðildarríki ESB varið hlutfallslega minna fé til aðildarferlisins vegna þess hvað íslensk löggjöf og stjórnsýsla er þegar vel löguð að regluverki ESB. Og drjúgir styrkir eru sömuleiðis í boði til að halda þeirri aðlögun áfram. Í öllum aðildarríkjum ESB hefur aðildarferlið haldizt í hendur við umbætur innanlands og gerir það hér líka. Þær breytingar á stjórnsýslunni sem þarf að gera vegna aðildar eru flestar jákvæðar og æskilegar. Og er ekki einmitt sá aukni agi við hagstjórn, sem nú er boðaður í ESB samfara aukinni aðstoð við aðildarríki sem lenda í efnahagsvanda, eitthvað sem kalla mætti „brýnt verkefni“ fyrir Ísland?

Loks er það þetta með skoðanakannanirnar. Margir segjast ekki hlynntir aðild Íslands að ESB, enda hafa þeir ekki séð aðildarsamning til að taka afstöðu til þess hvað hún þýðir í raun. Þegar hins vegar er spurt eins og Fréttablaðið og Stöð 2 gerðu í síðustu viku, hvort fólk vilji fremur draga umsóknina til baka eða klára viðræður og greiða atkvæði um aðildarsamning, segjast tveir þriðju þjóðarinnar hlynntir seinni kostinum. Það er skynsamleg afstaða.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Óöruggasta starfið

Búið er að auglýsa eftir manneskju til að taka að sér starf borgarritara – nánasta samstarfsmanns borgarstjóra. Starfið verður líklega ekki mjög eftirsótt hjá þeim sem er umhugað um eigið starfsöryggi. Það er nefnilega búið að leggja embættið niður í tvígang og endurvekja það jafnoft á innan við einu og hálfu kjörtímabili.

Í fótspor frjálslyndra

Fyrir nokkrum árum fékk Frjálslyndi flokkurinn, með Magnús Þór Hafsteinsson í broddi fylkingar, þá flugu í höfuðið að á



Íslandi þyrfti að gera meira af því að ala á andúð og ótta í garð innflytjenda – aðallega þeirra sem tíðkuðu alls kyns framandi siði og venjur. Á þeim málflutningi ætluðu Magnús og félagar að fleyta sér að glæstum kosningasigrum. Það mistókst, flokkurinn dó út og síðan höfum við verið tiltölulega laus við útlendingahræðslu í íslenskrí pólitík.

Það er að segja þangað til í gær, þegar formaður Hægri grænna, sem merkilegt nokk vilja líka kenna sig við frjálslyndi, fann hjá sér hvöt til að taka við kyndlinum.

Í friði


„Múslimar koma úr öðrum heimi, þetta eru tveir

ólíkir heimar og það þýðir ekkert að blanda þeim saman, þeir eiga bara að fá að vera í friði hvor fyrir öðrum,” sagði Guðmundur Franklín Jónsson við DV. Annars væri hætt á að múslimarnir þyldu svo illa við innan um umburðarlyndið á Vesturlöndum að þeir sprengdu sig hreinlega í loft upp. Guðmundi er velkomið að reyna þessa taktík en sagan sýnir okkur að svona skoðanir eiga ekki upp á pallborðið hér á landi – ekki enn að minnsta kosti.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Frjálsar og án ótta

Fiðrildavika UN Women



Regína Bjarnadóttir
formaður UN Women á Íslandi

Vissir þú að konur á aldrinum 15-44 ára eru líklegri til að verða fyrir nauðgun og heimilisofbeldi en að fá krabbamein, malaríu eða lenda í umferðarslysi samanlagt? Vissir þú að um allan heim fá konur lægri laun en karlar? Vissir þú að 70% þeirra sem búa við sára fátækt eru konur? Samt bera þær nánast alltaf ábyrgðina á því að gefa börnum sínum að borða.

Í dag er upphaf fjáröflunarviku UN Women á Íslandi. Markmiðið er að hvetja Íslendinga til að standa með „systur“ sínum víða um heim með því að skrá sig í Systralag UN Women. Þema fjáröflunarvikkunnar er fiðrildið; markmiðið er að hafa fiðrildaáhrif héðan frá Íslandi því eitthvað lítið, eins og vængjasláttur fiðrilda, getur haft umfangsmikil áhrif á veðurkerfi hinum megin á hnettinum. Þetta snýst um að styrkja konur og stúlkur víðs vegar um heim. Draumur okkar er að veita þeim byr undir báða vængi.

Verkefni á sviði þróunarmála og jafnréttis kynjanna eru ærin. Hvorki útrýming fátæktar né aukio jafnrétti gerist af sjálfu sér. Þetta eru verkefni sem krefjast tíma, fjármuna og samvinnu margra aðila og mega síst gleymast þegar skórinn krepur. Þitt framlag mun efla konur til

Í dag er upphaf fjáröflunarviku UN Women á Íslandi. Markmiðið er að hvetja Íslendinga til að standa með „systur“ sínum víða um heim með því að skrá sig í Systralag UN Women.

menntunar, atvinnu og lífs án ofbeldis. Þitt framlag mun aðstoða konur til þess að þær geti séð fyrir börnunum sínum, verið sjálfstæðir, fullgildir borgarar og haft áhrif á eigið líf og samfélag.

UN Women styður íslenska kvennabaráttu með því að taka þátt í kvenréttindabaráttu á alþjóðavísu. Í huga okkar er um sömu báráttu að ræða. UN Women á Íslandi vill leggja sitt af mörkum til að allar konur fái tækifæri til að flögna um eins og fiðrildi á eigin forsendum, frjálsar og án ótta við ofbeldi. Taktu þátt í baráttunni með okkur og skráðu þig í Systralag UN Women.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGAFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

BYLGJAN 25 ÁRA 989


Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar

11.09.2001

Í DAG

Guðmundur Andri
Thorsson
ríthöfundur

Snjöll þessi ábending hjá Schomsky: að rifja það upp að hinn ellefta september árið 1973 steyptu Bandaríkjamenn réttkjörnum forseta Chile, sósíalístanum Salvador Allende og leiddu til valda morðóða herforingja sem bjuggu í haginn fyrir taumlausa auðhyggju. Bandaríkjamenn voru á síðustu öld lávarðar heimsins og gerðu það sem þeim sýndist í krafti auðs og valda og þess ósigranlega náðarvalds sem þeir höfðu, og hafa sumpart enn, í menningarlegum efnum.

En samt: ég man hvað mér varð mikið um þær fréttir fyrir tíu árum að ráðist hefði verið á Bandaríkin. Það hvarflaði aldrei að mér að þetta hefði verið slys. Ég hélt að það væri komið stríð.

Með Ameríku í blóðinu

Við sem fæddumst í þessum heimshluta upp úr miðri síðustu öld fengum Ameríku í blóðið. Það varð ekki umflúið. Þaðan kom músíkin, kvikmyndirnar, sjónvarpið, rýmiskennin, frelsis-kraftan, svo mörg viðmið – svo margar menningarlegar tilvísanir – gott ef þeir fundu ekki upp unglínginn þar.

Þaðan kom meira að segja líka andstaðan við Ameríku – að einhverju leyti. Víetnamstríðið og framferði bandarískra stjórnvalda og auðhringa víða um lönd magnaði vissulega upp andúð hjá okkur mörgum, og þegar við gengum þessar göngur frá Keflavík sem öllum öðrum en okkur

en þessi draumur var samt stærri en svo; hann snerist samt ekki bara um neysluhyggju, ísskápa-eign og sífellt stærri bíla – heldur ekki síður um veggsmun einstaklingsins og rétt hans til að þroska sig. Ádeilumyndirnar snerust oft um einstakling sem gerir upp-reisn gegn valdi – þær voru um rétt tossans til að fylgja eftir hugmyndum sínum um heiminn, rétt hins undirokaða til að varpa af sér oki sínu og ganga út í daginn frjáls. Ræða eins merkasta sonar þessarar þjóðar á síðustu öld, Martins Luthers King, um drauminn sinn um mennina sem bræður og systur er líka útmálin á Ameríska draumnum.

Sum sé: manni fannst þennan dag fyrir tíu árum mjög sterkt að ráðist hefði verið á „okkur“. Það rann upp fyrir manni hversu mót-aður maður er af Bandaríkjunum og hversu vænt manni þykir um Bandaríkin, þrátt fyrir allt. En það leitaði líka á mann hversu „amerísk“ árásin var. Hún var svo mikið sjónarspil – hún var svo mikið show – þetta var sjónvarpsárás, gerð til að vera sýnd aftur og aftur í sjónvarpi. Þannig hafði árásin Bandaríkin í hjarta-stað, ekki einungis með því að ráðast svo óvænt og skyndilega á sjálfa kraftbirtingu hins ameríska auðmagns í öllu sínu veldi heldur líka með því að gefa árásinni svo blygðunarlaust yfirbragð Hollywood-myndar.

Þarna lauk Amerísku öldinni. Við tók millibilsástand sem að einhverju leyti stendur enn. Þeir sem stóðu fyrir árásinni náðu fram markmiðum sínum, náðu að veikla Bandaríkin svo mjög að þau munu aldrei verða söm. Viðbrögðin voru pavlovísk og sennilega akkúrat þau sem að var stefnt: það náðist að lokka Bandaríkin ofan í kvik-syndið fyrir botni Miðjarðar-

En það leitaði líka á mann hversu „amerísk“ árásin var. Hún var svo mikið sjónarspil – hún var svo mikið show – þetta var sjónvarpsárás, gerð til að vera sýnd aftur og aftur í sjónvarpi.

fundust fullkomlega óskiljanlegar vorum við sumpart að spegla skoðanasystkini í Bandaríkjunum sem fóru út á göturnar. Bob Dylan og John Steinbeck gerðu fleiri unglínga róttæka en til dæmis Lúðvík Jósepsson eða Leóníð Brésneff eða hvað þeir nú hétu þessir kallar að austan sem fóru með völd undir merkjum sósíalísma. Þetta var að vísu stundum ístóðulítil róttækni og kannski snerist hún að einhverju leyti um fatastíl og annað því-umlíkt sem fólk heldur stundum að sé yfirborðsmennska en henni fylgdi engu að einhverju trúin á spurningamerkið eins og Einar Már Guðmundsson hefur orðað það; sterk andúð á valdi og valdamönnum – sem endaði reyndar hjá sumum í ást á vald-ófrískjunni Maó formanni.

Við heyrðum um Ameríska drauminn og sáum margar ádeilumyndir um það hvernig hann hefði snúist upp í martróð

hafs, þar sem þau sökkva sífellt dýpra; þrengt var að réttindum einstaklinganna með sérstökum neyðarlögum; þeir hryðjuverkamenn sem náðust voru ekki leiddir fyrir dómara heldur fluttir á afvikna staði (hingað?) og pyntaðir þar; þannig var grafið undan réttarríkinu og Bandaríkjamönnum gert erfiðara að tala í nafni mannréttinda; þarna var vakin stjórnlaus heift ráðvilltrar þjóðar sem fékk sínar ógeðslegustu birtingarmyndir í Abu Ghraib fangelsinu í Bagdad. Bandaríkin eru eins og blindaður risi sem slær í allar áttir og eyðir þannig orku sinni í vindhögg. Ómarkvissar stríðsaðgerðir Bandaríkjamanna (og okkar!) hafa kostað milljónir mannlífa og leitt ómældar hörmungar yfir þær þjóðir sem þær hafa beinst gegn, og þar að auki kostað slíkar fúlur að Bandaríkjamenn eru nú upp á náð og miskunn Kín-verja komnir.

AF NETINU

Feðgar í sitt hvoru landinu hefðu getað horft á son og bróður farast

Árásin á Tvíburaturnana fyrir réttum tíu árum var mér eftirminnilegust fyrir þá sök, að hún sýndi mér á óhugnanlegan hátt hvað heimurinn er orðinn lítill með tilkomu fjarskiptatækninnar. Ég var staddur á Amager í Kaupmannahöfn með konu minni og systur hennar og mági, þegar Örn sonur minn hringdi í farsímann og sagði, að ef ég færi að sjónvarpstæki myndi ég geta séð að hryðjuverkamenn væru að fljúga farþegaþotum á Tvíburaturnana.

omarragnarsson.blog.is

Ómar Ragnarsson



LISTILEGA GÓÐIR LITIR!

Hjá okkur færðu svissnesku gæðalitina frá CARAND'ACHE. Þeir eru litsterkari og margfalt endingarbetri en aðrir litir, fánlegir fyrir öll kennslustig og eru bæði seldir í pakkningum og í lausasölu.

Komdu og fáðu aðstoð fagmanna við valið á réttu litunum.

ALLT FYRIR MYNDLISTARFÓLK:

OLÚLITIR | ACRYLLITIR | VATNSLITIR | PASTELLITIR | KRÍTAR | PENSLAR | NÁMSKEIÐ Í MEÐFERÐ LITA

LITIR & FÖNDUR

SKÓLAVÖRDUSTÍG 12 • 552 1412 / 551 2242
SMÍÐJUVEGI 5 • 552 2500 • www.litirogfondur.is



SPARISJÓÐURINN
Sparisjóður Norðfjarðar

Sparisjóður Norðfjarðar – sölufærli

Fyrirtækjaráðgjöf H.F. Verðbréfa hefur til sölumeðferðar, fyrir hönd stjórnar í umboði stofnfjáreigenda, allt stofnfé Sparisjóðs Norðfjarðar.

Um Sparisjóð Norðfjarðar

Sparisjóður Norðfjarðar hefur verið starfræktur í yfir 90 ár. Hann hefur sterkar rætur og gegnir mikilvægu hlutverki í fjölbreyttu atvinnulífi Fjarðabyggðar og alls Austurlands. Í Fjarðabyggð er blómlegt atvinnulíf og hátt atvinnustig, þar eru öflug fyrirtæki sem hafa skapað sér sérstöðu í iðnaði, sjávarútvegi og ferðaþjónustu.

Aðalafgreiðsla og skrifstofa Sparisjóðs Norðfjarðar er í Neskaupstað en auk þess er rekin afgreiðsla á Reyðarfirði. Starfsmenn sparisjóðsins eru nú tíu. Rekstur Sparisjóðs Norðfjarðar hefur alla tíð gengið vel að undanskildu fjárhagslegu tjóni sem sparisjóðurinn varð fyrir samhliða áföllum í íslensku bankakerfi haustið 2008.

Á árunum 2009-2010 var fjárhagur sparisjóðsins endurskipulagður með aðkomu ríkisins, Fjarðabyggðar, fyrirtækja og einstaklinga í Fjarðabyggð. Eftir endurskipulagninguna er stofnfé sparisjóðsins 625,8 m.kr. og stofnfjáreigendur eru 86. Bankasýsla ríkisins fer með hlut ríkissjóðs í sparisjóðnum og nemur hann 49,5 % af stofnfé sjóðsins. Heildareignir sparisjóðsins voru í lok árs 2010 um 5.223 m.kr. og eiginfjárhlutfall hans, skv. 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki, var 20,3%.

Sölufærlið

Frá og með fimmtudeginum 15. september nk. geta áhugasamir fjárfestar nálgast samantekt um Sparisjóð Norðfjarðar og önnur gögn vegna fyrirhugaðrar sölu hjá H.F. Verðbréfum. **Frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum er til kl 12:00 þann 29. september n.k.** Tilboð skulu berast á sérstöku formi sem nálgast má hjá H.F. Verðbréfum.

Sölufærlið er aðeins opið hæfum fjárfestum, sbr. 9. tölulið 43. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Auk þess þurfa fjárfestar að uppfylla tiltekin skilyrði sem gerð er grein fyrir í sölugögnum; þau lúta einkum að fjárhagslegum styrk og hæfi að öðru leyti til að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki.

Fjárfestum er frjálst að bjóða í allan eignarhlut seljanda og/eða hluta hans. Seljandi áskilur sér rétt til þess að breyta sölufærliinu og/eða stöðva það án fyrirvara. Einnig áskilur seljandi sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

Fjárfestar sem vilja taka þátt í sölufærliinu geta haft samband við fyrirtækjaráðgjöf H.F. Verðbréfa í síma 585 1700 eða sent tölvupóst á sparnor@hfv.is.



H.F. VERÐBRÉF



JOHNNY CASH söngvari (1932-2003) lést þennan dag. „Velgengni er að þurfa að hafa áhyggjur af öllu mögulegu í heiminum, nema peningum.“

Merkisatburðir

- 1905** Ráðhús Kaupmannahafnar er formlega vígt.
- 1909** Sjúkrasamlag Reykjavíkur er stofnað að frumkvæði Odd-fellowreglunnar.
- 1949** Mesti mældur hiti á Íslandi í september verður 26 °C á Dalatanga við Mjóafjörð.
- 1962** David Ben-Gurion, forsætisráðherra Ísraels, kemur í opin-bera heimsókn til Íslands.
- 1965** Orlofshúsin í Ölfusborgum eru tekin í notkun.



Ástkær faðir minn, tengdafaðir og afi,
Jón Guðmundsson
netagerðarmaður,
Kjarrmóum 16, Garðabæ,

lést á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut
mánudaginn 5. september. Útför hans fer fram frá
Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 14. september
kl. 15.00

Guðbjörg Sigríður Jónsdóttir Loftur Bjarni Gíslason
Helga Björg Loftsdóttir
Jón Bjarni Loftsson
Ísak Máni Loftsson
Óli Arelíus Einarsson



Ástkær eiginnmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
Geir Óskarsson
bífvélavirki, Stífluseli 2,

andaðist í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild
Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 6. september.
Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn
14. september kl. 15.

Bjarnís Jónsdóttir Birgir Pétursson
Hrefna Geirsdóttir Einar Már Gunnlaugsson
Magnea Júlía Geirsdóttir Ragna Jóhanna Magnúsdóttir
Jón Bjarni Geirsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,
Þorgils Jóhannsson
Sóleyjarima 11,

sem lést á heimili sínu sunnudaginn 4. september,
verður jarðsönginn frá Grafarvogskirkju
miðvikudaginn 14. september kl. 13.00.

Ingibjörg Ýr Þorgilsdóttir Pétur Christiansen
Jóhann Þorgilsson Hrefna Ólafsdóttir
Guðlaugur Gauti Þorgilsson Linda Sif Bragadóttir
Styrmir Þorgilsson
og barnabörn.



Legsteinar og fylgihlutir

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAÍK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglýsingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 512 5000.

ÞETTA GERÐIST: 12. SEPTEMBER 1953

JFK kvænist Jacqueline

Öldungadeildarþingmaðurinn John Fitzgerald Kennedy frá Massa-chusetts-ríki í Bandaríkjunum kvæntist þennan dag árið 1953 Jacqueline Lee Bouvier, ljósmynd-ara fyrir Washington Times-Herald. Athöfnin fór fram í St. Mary kirkju í Newport á Rhode Island. Yfir 750 gestir voru viðstaddir athöfnina en erkibiskup Boston, Richard

Cushing, gaf parið saman. Tenórinn Luigi Vena söng Ave Maria. Um þrjú þúsund áhorfendur söfnuðust saman fyrir utan kirkjuna til að líta hin nýgiftu hjón. Kennedy-hjónin óku síðan í fylgd mótörhjóla að Hammersmith Farm, þar sem veislan var haldin. Kennedy var kosinn 35. forseti Bandaríkjanna sjö árum síðar.



UNDIRBÚA SIG Kokkar Nauthóls, Eypór Rúnarsson og Ari Posocco, ræða hvernig best sé að haga matseðli veitingastaðarins fyrir hátíðina Full borg matar. FRETABLAÐIÐ/ANTON

HÁTÍÐIN FULL BORG MATAR: HALDIN Í FYRSTA SINN

Íslenskur matur og matarhefðir

Hátíðin Full borg matar eða Reykjavík Real Food Festival, verður haldin í fyrsta sinn hér á landi dagana 14. til 18. september. Markmið hátíðarinnar er að kynna íslenskan mat og matarhefðir á léttan og skemmtilegan hátt fyrir Íslendingum og erlendum ferðamönnum. Dagskráin verður sneisafull af skemmtilegum viðburðum fyrir alla fjölskylduna þar sem hægt verður að prófa, smakka og kaupa ýmsar matvörur og veitingar úr fersku íslensku hráefni, beint frá framleiðandanum. Þá munum um þrjátíu veitingastaðir víðs vegar um borgina verða með uppákomur, frumlega matseðla og kynningar.

Einn þeirra veitingastaða er Nauthóll í Nauthólsvík. „Við ætlum að bjóða upp á þriggja rétta matseðil í tilefni hátíðarinnar. Við verðum með nýjan íslenskan fisk sem heitir Hekluborri í forrétt, lambafillet í aðalrétt, gómsætan eftirrétt og allt úr íslensku

hráefni að sjálfsögðu,“ segir Guðrífur María Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri staðarins. „Þetta er virkilega fínt framtak svona á haustmánuðum þegar rólegt er að gera,“ segir Guðrífur og bætir við að hátíð með áherslu á íslenskt hráefni sé góð tilbreyting frá Food and fun þar sem áhrif erlendra kokka spila meira inn í.

Meðal annarra dagskrárliða á hátíðinni má nefna Matardaga Matvís sem standa yfir í fjóra daga. Þar velur Landslið Matreiðslumeistara matreiðslumann og matreiðslunema ársins. Keppniseldhús verða full af lífi frá fimmtudegi fram á sunnudag og geta gestir fylgst með því sem þar fer fram. Fröken Reykjavík kallast skemmtileg samkeppni um bestu og fallegustu bollakökuna. Þar getur almenningur fengið að spreyta sig í bollakökugerð og besta kakan fær titilinn Fröken Reykjavík.

Föstudagskvöldið 16. september verður grillgleði og hátíðarstemning á Hressó í Austurstræti. Þar munu sérfræðingar frá Meistarafélagi kjötíðnaðarmanna grilla lamba- og svínaskrokka í heilu lagi við lifandi stemningstóna tónlistamanna.

Hátíðinni lýkur síðan sunnudaginn 18. september en dagurinn verður til-einkaður þeirri gamalgrónu íslensku hefð að fjölskyldur, vinir og vanda-menn um allt land sameinast í kring um sunnudagssteikina. Almennigur er hvattur til þess að senda inn myndir og stutta lýsingu á sunnudagsmáltíðinni þeirra og verður útnefndur einn vinningshafi fyrir bestu myndina og lýsingu á máltíðinni og eru veglegir matarvinningar í boði.

Nánar má fræðast um dagskrá hátíðarinnar á vefsíðunni www.fullborgmatar.is eða á fésbók.

solveig@frettabladid.is



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
Elfa Ólafsdóttir
Hraunbæ, 150 Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum Hringbraut laugardaginn
3. september, verður jarðsöngin frá Árbæjarkirkju
miðvikudaginn 14. september kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á
Krabbameinsfélagið.

Sigurður Guðni Sigurðsson
Ólafur Elfar Sigurðsson Snædís Valsdóttir
Svanborg Þórdís Sigurðardóttir Óttarr Ólafur Proppé
Sigrún Laufey Sigurðardóttir
Snæbjörn Valur Ólafsson
Vésteinn Þrymur Ólafsson
Víðir Davíð Krogsgaard



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,
Jónína Margrét
Gísladóttir
áður til heimilis að Sóltúni 11,

lést á Borgarspítalanum föstudaginn 2. september.
Útförin verður gerð mánudaginn 12. september
kl. 13.00 í Grafarvogskirkju. Blóm vinsamlegast
afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á
Félag Alzheimerssjúklinga, www.alzheimer.is.

Grimur H. Brandsson Sigríður Ágústsdóttir
Tómas J. Brandsson Karen Jónsdóttir
Ágústa Brandsdóttir Hummel Werner Hummel
Guðbrandur G. Brandsson Arnheiður Vala
Magnúsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



House of Young er lítið fjölskyldufyrirtæki í Bretlandi sem selur gömul leikföng og húsgögn. Meðal leikfanga má nefna spýtukarla, spiladósir og tuskudýr. Hlutina má nálgast á www.houseof-young.co.uk.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457

GEZE

Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða - opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra.

Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík S: 58 58 900-www.jarnkler.is

LeikVerk er heiti sýningar sem var opnuð um helgina í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

Sýning sem kveikir bros

Nú um helgina var opnuð sýningin LeikVerk í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi, en sýningin er samstarfsverkefni Gerðubergs og Handverks og hönnunar. Að sögn sýningarstjórans, arkitektsins og vöruhönnuðarins Önnu Leoniak, á sýningin að fá fólk á öllum aldri til að brosa.

„Hugsunin bak við sýninguna var að búa til eitthvað fjörugt og skemmtilegt fyrir fólk á öllum aldri með alls kyns áhugamál. Lista- og handverkssýningar sem þessar höfðu stundum ekki til



ýngstu og elstu kynslóðanna þannig að við ákváðum að gera sýningu þar sem allir gætu fundið eitthvað áhugavert,“ segir Anna.

Verkin á sýningunni fela í sér leik á einn eða annan hátt og koma úr vöru- og fatahönnun, leirlist og silfursmíði, myndlist og fleiru til en listamennirnir sem sýna eru 26 talsins.

„Sýningin sjálf er á tveimur hæðum og við notum rýmið á skemmtilegan hátt, til að mynda setjum við texta á gólfið og í sérstökum hornum getur fólk leikið sér og búið til eigin verk. Þá tengjum við gamalt við nýtt og notum til að mynda gömul borð úr Góða hirðinum sem sýningarstanda.“

LeikVerk stendur til 6. nóvember og er opin alla virka daga frá klukkan 11-17 og um helgar frá 13-16.

juliam@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

IS Ideal
STANDARD

Hitastýrð sturtu blöndunar-tæki með höfuð- og handúðara með nuddi.

Tilboð
69.400



IOI
ÍSLEIFUR
JÓNSSON

Draghóls 14 - 16 | Sími 4 12 12 00
110 Reykjavík | Fax 4 12 12 01 | www.isleifur.is

12 mánaða
vaxtalausar
greiðslur

Svefn & heilsa



Gerðu gæða- og verðsamanburðu

NÝ SENDING AF HÚSGÖGNUM

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150


Opðu virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is

Umboðsaðilar:
Reynisstaður - Vestmannaeyjum

Húsgagnafl - Höfn í Hornafirði

Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



Mjólk er sölusíða með skandinavíska og japanska hönnunarvöru. Þar er meðal annars að finna Krummasnaga eftir Ingibjörgu Hönnu Bjarnadóttur og teppi eftir Vík Þrjónsdóttur.

SPANHELLUBORÐ
Á SPENNANDI VERÐI!
meðan birgðir endast

SÚPERTILBOÐ

ZEPA
Ítölsk framleiðsla

Frábært ZEPA helluborð með 4 "booster" hellum, snerti-rofum, 3ja þrepa orkustillingu, tímastillingu að 99 mínútum, barnalæsingu o.fl.

SÚPERVERÐ nú aðeins **94.900**
(fullt verð Kr. 137.400)

Keramíkborð m/4 hellum frá kr. 64.900

Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

Meðal fimm fremstu

Fríðrik Steinn Fríðriksson útskrifaðist sem vöruhönnuður frá LHI í vor. Hann braut upp staðlað form fótoltamarkins í útskriftarverkefni sínu og vakti með því athygli virts hönnunartímarits.

„Þetta kitlar auðvitað aðeins,“ segir Fríðrik Steinn Fríðriksson vöruhönnuður en hann er talinn upp sem einn af þeim fimm unghönnuðum sem hafi framtíð norrænnar hönnunar í hendi sér, í nýjasta tölublaði hönnunartímaritsins FORM.

„Þetta er staðfesting á því að maður er að gera eitthvað rétt,“ bætir hann hógvæv við, en sem útskriftarverkefni hannaði Fríðrik nýja útgáfu af fótoltamarki, sem FORM segir ögrandi nálgun á hið staðnaða ferhyrnda mark. Fótoltamark Fríðriks er enda átt-hyrningur.

„Ég hef gaman af að bulla í hlutum sem ekkert hefur verið hreyft við í hundrað ár og eru eins og heilög kúr. Fótoltamarkið er þannig hlutur. Þegar krakkar spila fótolta skiptir útlitið engu máli og markið getur þess vegna verið tvö tré og greinarnar hluti af leiknum. Spurningin bak við verkið er hvernig leikurinn breytist og hvernig skynjun það verður að skjóta á svona mark og að verja í svona marki. Í raun er auðveldara fyrir markmanninn að verja


í þessu marki, en að sama skapi verður til meiri leikur, boltinn hefur fleiri leiðir til að komast inn.“

Aðspurður segist Fríðrik ekki óttast viðbrögð íhaldsamra og blóðheitra fótoltabulla. Hann á þó heldur ekki von á að nýja markinu verði tekið fagnandi. „Nei, fólk er í eðli sínu íhaldssamt en kannski dregur markið annan hóp knattspyrnufólks að, sem vill prófa eitthvað nýtt.“

Fríðrik Steinn hefur nú hafið meistaranám í upplifunarahönnun við Konstfack-háskólann í Stokkhólmi og segir námið falla vel að áhugasviði sínu. Hann nálgist hluti oft meira út frá hugmyndafræði en endanlegri niðurstöðu í hönnun sinni og leggi í raun leitina að jöfnu við niðurstöðuna.

„Þetta er tiltölulega nýtt svið og snýst ekki um að hanna hluti beinlínis heldur að brjóta upp þær upplifanir sem við göngum að sem gefnum dags daglega,“ segir hann og hlakkar til dvalarinnar í Stokkhólmi þó hann tali enga sænsku. Eftir námið segir hann framtíðina óráðna. „Ég læt bara kylfu ráða kasti.“

heida@frettabladid.is



Fríðrik Steinn Fríðriksson er einn af fimm fremstu vöruhönnuðum á Norður-löndunum að mati FORM.



Átthrynt fótoltamark Fríðriks Steins vakti athygli hönnunartímaritsins FORM.

MYND/FRÍÐRIK STEINN FRÍÐRIKSSON

HOLLUR BITAFISKUR

+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið




GULLFISKUR

Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Mikið úrval af fallegum sængurfatnaði



Skólavörðustíg 21a
Njálsgötumegin
S. 551 4050



Rafhitarar í skip, hús og sumarhús

Neysluvatnshitatarar

Hitöld (element), hitastillar, hitastýringar og flest annað til rafhitunar.

Við erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun.



Rafhitun

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði
Sími: 565 3265 • Fax: 565 3260
rafhitun@rafhitun.is • www.rafhitun.is

Sýningin Maison & Object var opnuð í París í gær og stendur til 13. september. Á sýningunni gefur að líta helstu nýjungarnar í heimi innan-hússhönnunar. Meðal þeirra sem verða á sýningunni er hönnuðurinn Héctor Serrano sem kynnir nýja línu af glerkrukum með loki og korki.

www.dezeen.com

KÍNVERSK HUGRÆN TEIGJULEIKFIMI • TAICHI • KUNG FU

EINKATÍMAR • HÓPTÍMAR

HEILSU DREKINN

Kínversk heilsulind

SKEIFUNNI 3J • SÍMI 553 8282 • WWW.HEILSUDREKINN.IS



Bogi Pétursson, lögg. fasteignasali
 Finnbogi Hilmarsson, lögg. fasteignasali
 Andri Sigurðsson, lögg. leigumiðlari
 Tryggvi Kornelíusson, sölufulltrúi

**Hafðu það traust,
 gott og heimilislegt
 í haust.**

Sími 530 6500

heimili@heimili.is

Á Heimili fasteignasölu starfa öflugir fasteignasalar með áratuga reynslu í faginu sem eru tilbúinir að vinna fyrir þig með vönduð vinnubrögð að leiðarljósi.

Okkar verkefni eru:

- Sala og kaup íbúðarhúsnæðis
- Sala og kaup atvinnuhúsnæðis
- Sala og kaup sumarhúsa
- Leigusamningsgerð
- Verðmöt
- Raðgjöf á fasteignamarkaði



heimili
 FASTEIGNASALA



Ástþór Reyni
 Guðmundsson
 Lögg. fasteignasali

**Vantar allar
 gerðir eigna
 á skrá**



Auður Kristinsdóttir
 Sölufulltrúi RE/MAX

Verðmetum eign þína
 þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

audur@remax.is

Auður Kristinsdóttir
 Sölufulltrúi RE/MAX Senter

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA SJÓNVARP

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.



Húsið hefur verið mikið endurnýjað síðustu tvö ár.

Einbýli við útivistarparadís

Fasteignasalan Eignamiðlun hefur til sölu einbýlishús á besta stað í Laugaráshverfinu.

Húsið er fallett og mikið endurnýjað. Það er fyrir neðan götu, með suðurgarð og fyrir framan húsið er Laugardalurinn í allri sinni dýrð. Húsið er skráð 315,5 fm en við það bætast um 80 fm óskráð óinnréttað rými og er því húsið um 395 fm.

Tvær íbúðir eru í húsinu í dag. Aðalíbúðin hefur öll verið endurnýjuð en minni íbúðin, sem er 43,6 fm, er upprunaleg og þarfnast viðgerða.

Efri íbúðin skiptist þannig að komið er inn um aðalinnangang frá götu, miðjuhol, gestasnyrting, stofa, borðstofa, sjónvarpsberbergi, eldhús, fjögur svefnherbergi, fataherbergi og baðherbergi.

Íbúð á neðri hæð skiptist þannig að komið er inn um sérinnangang, tvö svefnherbergi, stofa, baðherbergi og eldhús. Auk þess er í kjallara ca. 80 fm rými tilbúið til innréttinga með gluggum og í kjallara eru líka geymslur, þvottahús og fl.

Húsið hefur verið mikið endurnýjað. Meðal annars gert við múr og málað, skipt um glugga og gler, skipt um allar pípulagnir og rafmagnslagnir, skipt um allar innréttingar og gólfefni í stærri íbúðinni, auk annars.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærsted
 lögg. fasteignasali.
 einar@fastmos.is



KJARNNA - ÞVERHOLTÍ 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
 WWW.FASTMOS.IS

Norðurbakkí 11B - 220 Hafnarfirði



**Opið hús í dag
 mánudag frá
 kl. 11:30 til 12:00**

Mjög falleg 101,7 m² 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í fjögura hæða lyftuhúsi við Norðurbakka 11B í Hafnarfirði. Eigninni fylgir bílastæði í lokuðum bílakjallara. Íbúðin skiptist í forstofuhol, tvö svefnherbergi, baðherbergi með sturtu og baðkari, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Íbúðinni fylgir 7,1 m² sérgeymsla. Fallegar innréttingar og gólfefni. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 27,5 m. 5320

Tröllakór 2-4 - 203 Kópavogu



**Opið hús í dag
 mánudag frá
 kl. 12:30 til 13:30**

Falleg 110,5 m², 3ja herbergja íbúð á 2.hæð í fjögurra hæða lyftuhúsi við Tröllakór 2-4 í Kópavogu. Íbúðin skiptist í forstofu, stofu, borðstofu, eldhús, tvö svefnherbergi og þvottahús innan íbúðar. Íbúðinni fylgir sér geymsla í kjallara. Eignin er laus til afhendingar strax! V. 22,9 m. 5319



Litlíkriki - 270 Mosfellsbær

264,9 m² einbýlishús á einni hæð í byggingu við Litlíkrika 7 í Mosfellsbæ. Húsið er reist úr forsteyptum einingum. Útveggir eru einangraðir og megnið af rafloðnum komin í þá. Gert er ráð fyrir gólfhitu í húsinu. Húsið selst í því ástandi sem það er í dag.

Eignin er laus til afhendingar strax. V. 25,0



Reykás - 112 Reykjavík

Falleg og rúmgóð 76,1 m², 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í 3ja hæða fjölbýli við Reykás í Reykjavík. Þetta er rúmgóð og falleg íbúð á góðum stað í þessu vinsæla hverfi. V. 17,9 m. 10052



Langitangi - 270 Mosfellsbær

Fallegt 171 fm einbýlishús með sambyggt, bílskúr. Flott eldhús, hvítt háglans, með steingráum flisum og granítborðplötu. Vönduð tæki, uppþvottavél og ísskápur/frystiskápur. Baðherbergi nýlega endurnýjað, fjögur svefnherb, stór stofa og borðstofa með arni og timburverönd og skjólgóður garður. Eignin er laus til afhendingar strax! V. 45,9 m. 3454

Hjallahlíð - 270 Mosfellsbær



Falleg 4ra herbergja, 94 m² íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli með sérinnangangi og sérgarði og 56,9 m² tvöföldum bílskúr. Íbúðin skiptist í forstofu, 3 svefnh., baðh., stofu, eldhús og geymslu. Við hlíð inngangs í íbúðina er útigeymsla sem nú er notuð sem þvottahús. Áhvilandi frá íbúðalánasjóði að fjárhæð ca. kr. 30.700.000 með 4,15% vöxtum -greiðslu-byrði ca. 137.000 kr. á mán. Eignin er laus til afhendingar strax. V. 31,9 m. 10050

Kristnibraut - 113 Reykjavík





Falleg og björt 91,1 m² 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3ja hæða sex íbúða fjölbýli við Kristnibraut í Grafarholti. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, stofu, borðstofu, tvö rúmgóð svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara. V. 23,9 m. 10053

Dugguvogur 15 - 104 Reykjavík



Sérlega glæsileg og mikið endurnýjuð 120,5 m², 3ja herbergja hæð við Dugguvogur 15 í Reykjavík. Sér innangangur og sér bílastæði fyrir utan innanganginn. Mikið hefur verið lagt í íbúðina. Fallegar innréttingar, mikið lofthæð og flott lýsing. 10058

Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00





Stakfell

Grunnur að góðu lífi

535_1000

Aðalheiður Karlsdóttir
lögg. fasteignasali

Þorlákur Ómar Einarsson
sölustjóri

stakfell.is

Fax 535 1009

Fasteignasala . Íbúðarhúsnæði . Skúlatún 2 . 105 Rvk



Sogavegur - 108 Rvk

Vírulegt 581 fm. einbýlishús á stórrí skógi vaxinni lóð með skemmtilegri aðkomu miðsvæðis í borginni. Einstök eign sem býður upp á mikla möguleika. Hægt væri að skipta húsinu upp í nokkrar íbúðir. Í húsinu eru nú stórar og fallegar stofur, eitt eldhús, þrjú baðherbergi, fjölmörg herbergi, íþróttasalur, heitur pottur, gufa, mikið geymslurými, þvottahús ofl. Húsið stendur á 2.300 fm. skógi vaxinni lóð og því fylgir einnig önnur samliggjandi 3.700 fm. lóð, einnig skógi vaxin. Lóðin er einstök með tilliti til staðsetningar og stærðar og býður upp á ýmiskonar tækifæri til uppbyggingar.



Barðaströnd - 170 Seltj.

Glæsilegt 239,2 fermetra radhús á tveimur hæðum við Barðaströnd á Seltjarnarnesi. Húsið skiptist í forstofu, hol, sjónvarpsherbergi, 5 svefnherbergi, stofu, borðstofu, eldhús, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús og bílskúr. Nánari lýsing: Komið er inn flísalagt forstofu með fataskápum. Verð 57,9 millj.

Höfum kaupanda að 3ja - 4ra herb. íbúð í smáranum í Kópavogi

Höfum kaupanda að sérbýli í Garðabæ

Höfum kaupanda af 2ja - 3ja herb. íbúð í hlíðunum eða vesturbæ Reykjavíkur

Höfum kaupanda að einbýli í miðbæ Reykjavíkur.



Sunnufliot - 210 Garb.

197,5 fm vel skipulagt einbýlishús á stórrí og vel gróinni lóð á besta stað í Garðabæ. Hús sem býður uppá mikla möguleika. Verð 62,9 millj.



Vindás - 110 Rvk

3ja herbergja íbúð ásamt stæði í bílskily við Vindás. Íbúðin skiptist í hol, geymslu, stofu, eldhús/borðstofu, tvö barnah. hjónah. og baðh. Sameiginlegt þvottahús er á hæðinni. Stæði fylgir í bílskily. Verð 18,5 millj.



Rofabær - 110 Rvk

92 fm. 3ja herbergja íbúða á 2 hæð í fjölbýlishúsi, íbúðin skiptist í anddyri, stofu, tvö svefnherbergi, eldhús og baðherbergi/þvottahús. Verð 18,7 millj.



Litlakriki - 270 Mosf.

Tæplega fókelt 264,9 m2 einbýlishús á einni hæð í byggingu við Litlakrika 7 í Mosfellsbæ. Eignin er laus til afhendingar strax. Verð 25 millj.



17. Júnitorg - 210 Garb.

Glæsilegt 74,7 fermetra 2ja herbergja íbúði við 17. Júnitorg í Garðabæ í húsi fyrir 50 ára og eldri. Íbúðin skiptist í forstofu hol, eldhús/stofa, svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús og sérgeymsla í sameign.



Langalína - 210 Garb.

Partasalan SU-MI Smíðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98, Baleno '98. Kaupi bíla til niðurrifs. sími 661 5270.

Varahlutir, dekk og felgur á ýmsa bíla. S. 896 8568.

Musso varahlutir.
 Erum að rífa Musso, Terrano, Nubiru, Lanos, Galloper, H1, Santa Fe, Trooper, Freelander, Impreza 97, Baleno, Caddy 98-02, Polo 97-99, Matiz, Mondeo 98. Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hafnarfirði. S.864 0984.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlega bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

Varahlutavaktin Sími 555 6666

Erum að byrja rífa Peugeot '02, Golf '98-'05, VW Passat '98-'00, Pajero '92-'00 Accent '98. Grand vitara XL7 '03. Benz '88-'05, Landrover Discovery '98. Fiat Stilo '04. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 10-14.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir



Faglærðir Píparar
 Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnabjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

Pípulagnir

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþríf - Þríf eftir iðnaðarmenn Þvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

A-Ö Þríf&Hreinlæti S. 662 0662

Hreingerningar, Flutningsþríf, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Vy-þríf ehf.
 Öll almenn þríf, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. Sími 512-4010 www.vy.is



COVER
 Gler og Brautir er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og áralöng reynsla að baki á Íslandi í svalalokunum Láttu fagmenn sjá um að setja upp svalalokanir hjá þér. **Sælureitur allt árið Veldu Gæði og reynslu**
 Hafðu samband og fáðu tilboð og mælingu þér að kostnaðarlausu.
 Gler og Brautir ehf Dalshraun 10 Hafnarfjörður 220 **5171417 GLEROGBRAUTIR.IS**

Gler og Brautir

Garðyrkja

SMÁVÉLAVIÐGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR

Viðgerðir Skemmuvegur 34
Brúna gata

SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorfl, slátturaktorar, jarðvegsþjoppur, Gokartþjónusta, keðjusagur, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.

GARÐLIST

Allt fyrir garðinn á einum stað

- Trjáklippingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun
- Stubbataeting
- Garðauðun
- Þökulagnir
- Og margt fleira

Traust þjónusta í 20 ár
554-1989
Garðlist.is

Alhliða garðþjónusta

Garðþjónusta Íslands ehf

Tökum að okkur alhliða garðvinnu og hreinsun. Klippum og fellum tré, jarðvegsskiptum, helluleggjum, þökuleggjum, beðahreinsun, sláum og fleira.

Vönduð vinnubrögð!
Róbert S. 866 9767

Láttu fagmenn vinna verkið.

Hellulagnir
Jarðvegsskipti
Drenlagnir og öll önnur jarðvegsvinna.
Vönduð vinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Bjessi 696 6676
www.hellulagnir.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Fjármál

Evrur til sölu
3% yfir seðlagengi
uppl. í síma. 857 6711.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjaf., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikla. S. 894 4560 www.flytja.is

Húsviðhald

ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD

Tilboð þér að kostnaðarlausu
Upplýsingar í s: 820 8888

Smíðavinna • Pipulagnir • Rafagnir
Málningavinnu • Múrviðgerðir • Flísalagnir
Hellulagnir • Jarðvinnu • Lóðvinnu

VISA
VERKKRAFTUR
VERKTAKAR

HAMRABORG ehf

Þakpappaþjónusta
Viðgerðir á PVC dúk
Almennar húsviðgerðir

Sími 896 4947 Netfang: hamraborg@sinnet.is

Smíðum eftir máli

Gluggar • Fög • Útihurðir
Svalahurðir • Bílskúrshurðir

Sérhæfð trésmíðja!

Hurðir & gluggar

Kaplahraun 17 • Hafnarfjörður
Sími: 565 4123 • Fax 565 4129
eljo@internet.is
www.hurdiroggluggar.is

PVC - U PLAST GLUGGAR & HURÐIR

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Ekkert viðhald

Kjarnagluggar

Selheilu 13 Hafnarfirði
Sími: 554 2800
www.kjarnagluggar.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

Tölvur

tölvuhjálpi!

Yfirhaling á tölvu aðeins
2.900,- kr.
Ókeypis vírusvörn.

Nánar á: www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9390
Vesturvör 32a • Kópavogi

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvín.

Nudd

PERFECT MASSAGE WITH TWO OR FOUR HANDS!!!! 659 62 69

Whole body massage. S. 849 5247.

Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:661 8272 eða 693 0348.

Brasilian whole body massage. S. 698 8834, Isabella.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

NEWLUXURY WHOLE BODY MASSAGE IN DOWNTOWN REYKJAVÍK! Anytime 899 5836 Alisia

Spádómar

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTI SPÁMIDDILL

-SPÁI Í SPIL
-OG KRISTALSKÜLU
-HEILUNAR TÍMAR
-FYRIRBÆNIR
-ALGIÖR TRÚNADUR

Sími 618 3525
www.engil.is

Spásímminn 908 5666. Stjörnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálpi. Trúnaður.

Hanna S. 555 2927 13-22
Andleg leiðsögn, draumaráðningar, tarot.

Rafvirkjun

Töfluskripti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinnu Löggitur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

Önnur þjónusta

Blekhyllki.is

Blekhyllki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhyllki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150

KEYPT & SELT

Til sölu



Skrifstofuskilrúm til sölu! Nánari upplýsingar veitir Sigfríður í síma 697 3691.

Ísskápar á 20 - 30 þ. Frystikista á 20þ. Þvottavélar á 20 - 30 þ. Þurrkarar á 20 - 30 þ. Eldavél 60 cm á 25. þ. 50 cm með keramik helluborði, blæstri á 30 þ. Fartalva og borðtalva. Gasgrill á 5 þ. Uppþvottavélar á 20 þ. Borðuppþvottavél á 25 þ. Video á 5 þ. S. 896 8568.

Óskast keypt

KAUPUM GULL

og aðra eðalmála gegn framvisun persónuskilríkja.
Sigga & Timo Linnetstíg 2.

220 Hafnarfjörður S. 565 4854
www.siggaogtimo.is

Kaupum gull!
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupum gull, gull peninga og gull skartgripa. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leiðið til fagmanns og fáid góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örýrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Til bygginga



Harðviður til húsbbygginga.
Sjá nánar á www.vidur.is
Vatnskæðning, panill, pallaefti, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolia. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

Verslun

Stærri limur betri limur

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

Ýmislegt



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfri. Verð 180þús. Uppl. í síma 893 3503 eða 845 8588.

HEILSA

Heilsuvörur



Bætum heilsuna með hreina Aloe Vera drykkjum, sem eflir ónæmiskerfið. Hlíf og Magnús 8228244 - 8228245 www.flp1.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd



TANTRA MASSAGE
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Stjörnunudd! Öðruvísi nudd. Velliðan og slökun. Uppl í síma: 8460202. Ópið 11-18

EKKERT SEX NUDD,

En æðislegt LÍKAMSSKRÚBB, heitir POTTAR og margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAÐGERÐIR, SNYRTING og VEITINGAR. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Ópið frá 12-18 alla daga nema sun. JB Heilsulind. S. 823 8280.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Nuddnámskeið
Vöðvanudd, svæðanudd. www.dao.is

SKAPÆÐU Í VETUR SKRÁÐU ÞIG Á NÁMSKEIÐ

Skartgripasmíði, Tréútskurður, hnífasmíði, gler og 15 önnur. Sjá HANDVERKSHUSID.IS, skráning S:555-1212

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésón.

www.aksturinn.is
S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

Silunganet Silunganet
Mikil úrval. Heimavík, S. 892 8655
www.heimavik.is

HÚSNÆÐI

Leigumiðlanir

Leiguliðar ehf

Fossaleyni 16

Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir. Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes. Gæludýr velkomin.

Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440

Húsnæði í boði

Gistiheimili - Guesthouse

www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði, eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.

Room for rent 1-2 person., Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Skólaíbúðir skammtímaleiga, langtímaleiga. Hiti, rafmagn og internet innif. Uppl. í síma 821 4848 eða 869 2618 sanngj. leiga.

Húsnæði óskast

Er að leita að íbúð með bílskúr eða bílaskýli. 100-150fm. Einbýli eða parhús. Uppl í s. 699 0983

Atvinnuhúsnæði

Til leigu.

Tunguháls 327 fm iðnaðarhúsnæði, loft hæð 4,70, tvær innkeyrsludyr. Við sund. 20 fm skrifstofa á 2. Hæð, 40 fm verslunar/þjónustuhúsnæði á jarðhæð. 80 fm iðnaðar/geymslu á jarðhæð. Garðabær 87 fm. iðnaðar með innkeyrsludrum. leiguval.is sími 553 9820 og 894 1022.

Geymsluhúsnæði

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjólahýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði. Sanngjart leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

VIETNAM MARKET

MOONCAKES MONDKUCHEN

Kinh moi Qui khách toi của hang vietnam Market mua Banh Trung Thu

ENSKI BOLTINN STÆRRI EN ALLT TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

SPORT 2

Siminn ICELANDAIR 1011 OPEN KERRI

www.geymslaeitt.is

Sér geymslur frá 4 til 17 m². Lágt verð. Opíð 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

GEYMSLUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK

Fyrir ýmsar gerðir og stærðir tjaldvagna, fellihjól og hjólhýsa. Öruggt og gott húsnæði. Uppl. í síma 849 7889.

HÚSVAGNAGEYMSLA

UPPHITAÐ, þurr, hreint og lyktarlaust. Verð og myndir á Facebook: Húsvagnageymslan Eyrbakka S: 564 6501.

Ferðavagnageymsla í Borgarf. f. tjaldv. fellihjól. bátar o.fl. upphitað, gott verð S: 612 6130 email: solbakki311@gmail.com

Húsvagnageymslan Þorlákshöfn.

Eigum nokkur laus pláss í vetur. Uppl. s. 893 3347.

Geymsluhús.is

Innri Njarðvík, fellihjól, tjaldvagn, bílar o.fl. ATH! gott verð!! Ekki seinna vænna en koma verðmætum í skjóll! Ennþá nokkur pláss laus. S. 698 8010 & 770-5144.

Vantar þig hýsingu fyrir tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða húsbíl, rétt rúmar klst. frá Rvk. Verð frá: 22 þ. fyrir veturinn. Uppl. í s:897-9814

Geymsluhúsnæðið

Auðnum II, 190 Vogar.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótörhjul o.fl. Uppl. í s. 864 3176.

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavél. S. 555 3464.

ATVINNA

Atvinna í boði

Joger Booztbar Kringlunni

Óskar eftir að ráða starfsfólk í hlutastörf seinni part og um helgar. Einungis traust og heiðarlegt starfsfólk kemur til greina.

Uppl. sendist á isrekstur@simnet.is.

Starfskraftur óskast á kúabú á suðurlandi. Upplýsingar í síma 4876576 milli 12-13 og eftir kl. 21.

Markaðssamskipti ehf óskar eftir rösku og sjálfstæðu fólki í símaver. Verktakastarf með sveigjanlegum vinnutíma og góðum greiðslum fyrir duglega einstaklinga. Upplýsingar gefur Magnús í síma 694-9614.

Vel launuð aukavinna á kvöldin

Við leitum að íslenskumælandi fólki í símaverkefni 2-5 kvöld vikunnar. Vinnutími frá kl.18-22. Góð laun í boði. Aldur 22++ Uppl. í síma 699 0005 milli kl.15-19 virka daga.

Atvinna óskast

Bifvélavirki með mikla tækniþekkingu og vanur að bera ábyrgð ókar eftir atvinnu getur hafið störf fljótlega upplýsingar í síma 6115550

TILKYNNINGAR

Fundir



Hluthafafundur í Fiskey hf.

Stjórn Fiskeyjar hf. boðar til hluthafafundar í húsakynnum ÚA hf., Fiskitanga, Akureyri, mánudaginn 19. september 2011 klukkan 13:00. Fundarefni: Fjárhagsvandi félagsins Stjórnin

ÁRG 51 úr MELA og HAGASKÓLA ER ÁHUGI skólafélaga að hittast 5. nóvember SAMB hronngud1@hotmail.com

Einkamál

SÍMAÞJÓNUSTUR



Stefnumót


905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (fritt karlar)
555 4321 (fritt konur)

Sögur

905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)

Spjalldömur

908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)



AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen
S: 5125429, gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462, gsm 8233344
sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms
S: 5125432, gsm 6924700
sigridurh@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2011

AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.



FRÉTTIR VIDSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

ÍPRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísi.

VÍSI

FORVAL

HJÚKRUNARHEIMILI-ÞJÓNUSTUSEL SJÁLANDI

Garðabær óskar eftir umsóknum verkfræðinga/ verkfræðistofa um þátttöku í lokuðu útboði á verkefirliti vegna byggingar á hjúkrunarheimili og þjónustusel á Sjálandi í Garðabæ. Allt að átta verkfræðingar/ verkfræðistofur verða valdir eftir reynslu, hæfnismati, samstarfshæfni og öðrum þáttum sem verkskaupi telur að skipti máli til þátttöku í lokuðu útboði.

Forvalsgögn verða afhent rafrænt á verkefnavef verksins en aðgang að forvalsgögnum veitir þjónustuver Garðabæjar í netfanginu gardabaer@gardabaer.is

Heildarstærð verksins er áætlað um 2.000 m.kr.

Umsóknum um þátttöku í forvalinu skal skila í þjónustuver Garðabæjar eigi síðar en kl: 14:00, 16. september 2011.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
Tækni- og umhverfissvið

Alltaf logn

á svölunum

Með vandaðri glerlokun verða svalirnar þínar að sannkölluðum sælureit

Skelin er söluaðili svalarlokunarkerfa frá þýska fyrirtækinu Solarlux GmbH.

Allar póstalauasur svalalokanir frá Solarlux eru gæðavottaðar. Þær eru gerðar úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófil. Frágangur er sérlega vandaður og snyrtilegur.

Eftir breytinguna getur þú notið útiveru í skjóli á svölunum allan ársins hring.

SKELIN

Smiðjuvegi 72
200 Kópavogi
Sími 578 6300
skelinehf@skelinehf.is
www.skelinehf.is

SOLARLUX

Vandaðir álsólskálar og glerhýsi

krossgáta

1	2	3	4	5
6	7	8		
9	10	11		
12		13		
	14			15
16		17		
18	19	20		
21				

LÁRÉTT

2. vafra, 6. mannþyrping, 8. meðal, 9. skraf, 11. tveir eins, 12. afspurn, 14. gistiús, 16. mun, 17. víður, 18. skörp brún, 20. klaki, 21. pottréttur.

LÓÐRÉTT

1. eins, 3. málmur, 4. sumbl, 5. þróttur, 7. sammála, 10. arinn, 13. sigað, 15. andaðist, 16. ílát, 19. tveir eins.


LAUSN

LÁRÉTT: 2. ráfa, 6. ós, 8. lyf, 9. mas, 11. lí, 12. umtal, 14. hótél, 16. ku, 17. tré, 18. egg, 20. ís, 21. ragú.
LÓÐRÉTT: 1. sömu, 3. ál, 4. fyller, 5. afí, 7. samhuga, 10. síð, 13. atí, 15. lés, 16. ker, 19. 88.



Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið

Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið. Við hökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.



Allt sem þú þarft...

Angrið sem fylgir farangri

BAKPANKAR Gerðar Kristnýjar

Í síðustu viku hélt ég til London og hafði með mér niðþunga ferðatösku. Hún hafði að geyma 30 eintök af örþunnri ljóðabók sem tóku furðumikið í. Ég ferðaðist með fargið í lest norður til Wales þar sem mér bauðst ákaflega spartanskt herbergi í ritlistarskóla. Á skólabókasafninu fékk ég lánaðar tvær bækur; A Room with a View eftir E.M. Forster og The Bloody Chamber eftir Angelu Carter. Þá síðarnefndu las ég en bók E.M. Forsters notaði ég til að drepa köngulærnar sem komið höfðu sér fyrir uppi í loftinu í herberginu mínu.



200 SÍÐNA pappírskilja er tilvalin til slíks fjöldamorðs. Hún fer vel í hendi og hefur nægan höggþunga. Líklega hefði verið meira viðeigandi að nota bók Angelu um blóðuga klefann því sólarhring síðar voru köngulærnar komnar aftur. Þá var ég of syfjuð til að nenna að sinna þeim. Nokkru síðar hélt ég aftur til London með töskuna þungu. Þar beið mín upplestur þar sem ég dreifði ljóðabókinni. Varð ég þeirri stund fegnust þegar ég sá fólk kippa með sér eintaki. Heimferðin hlýti að verða auðveldari.

SVO VARÐ þó ekki því áður en ég sneri aftur heim varð mér það á að koma við í hinni víðfrægu Waterstone's-bókabúð. Um það bil tuttugu bækur freistuðu en að lokum tókst mér að fækka þeim niður í þrjár, eina skáldsögu og tvö ljóðasöfn. Tvö heljarinnar ljóðasöfn. Þar með var taskan líka orðin jafnþung og áður. Ég hefði nýst ágætlega í auglýsingu fyrir kyndilinn, rafbókina vinsælu sem getur víst geymt heilu bókasöfnin án þess að blása úr nös, þar sem ég rogaðist upp og niður tröppur lestarkerfis Lundúnaborgar á leið minni út á flugvöll.

Í LESTUNUM sá ég einmitt fólk sitja niðursokkið í kyndilinn sinn og varð hugsað til þess hvað þetta hlýti nú að vera miklu þægilegra en pappírskótarið sem fyllti töskuna mína. En þá mundi ég hvernig bókin hans E.M. Forsters hafði nýst mér fáeinum dögum áður og síðast en ekki síst rifjaðist upp fyrir mér aðalpersónan í Ung, há, feig og ljóshærð eftir Auði Haralds. Þegar hana vantar klósettpappír á ferð sinni um ókunnar slóðir gerir hún sér lítið fyrir og rifur hverja síðuna á fætur annarri úr Skyttunum þremur eftir Alexandre Dumas. Nei, þótt kyndillinn sé vissulega mikil uppfinning þá kemur hann seint í staðinn fyrir lungamjúkan pappírinn.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



BARNABLÚS MÁLSHÁTTUR

Það er ekkert öruggt nema dauðinn og skattar. Og þvotturinn.

SAMBÍÓIN

ALGJÖR SVEPPI
Kl. 6 - 6:30 - 8:30

COLIN FARRELL ER FRÁBÆR Í ÞESSUM MAGNAÐA THRILLER

FRIGHT NIGHT
SYND Í 3D

San Francisco - TH
Entertainment Weekly

CRAZY STUPID LOVE

HORRIBLE BOSSES

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
ALGJÖR SVEPPI kl. 6 - 6:30 - 8:30 20	ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN kl. 5 - 5:30 20	ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN kl. 5 - 5:30 20
FRIGHT NIGHT - 3D kl. 8 - 10:20 30	FRIGHT NIGHT kl. 8 - 10:30 30	FRIGHT NIGHT kl. 8 - 10:30 30
FRIGHT NIGHT LUXUS VIP kl. 5:50 - 8 - 10:20 20	CRAZY, STUPID, LOVE kl. 8 - 10:40 20	CRAZY, STUPID, LOVE kl. 8 - 10:40 20
CRAZY, STUPID, LOVE kl. 5:30 - 8 - 10:30 20	BÍLAR 2 kl. 5:30(2D) 20	BÍLAR 2 kl. 5:30(2D) 20
FINAL DESTINATION 5 - 3D kl. 10:30 30	FINAL DESTINATION 5 kl. 8 - 10:20 30	FINAL DESTINATION 5 kl. 8 - 10:20 30
LARRY CROWNE kl. 5:50 - 8 20	HARRY POTTER AND THE DEATHLY HALLOWS 2 kl. 5 30	HARRY POTTER AND THE DEATHLY HALLOWS 2 kl. 5 30
GREEN LANTERN kl. 10:20 20	COWBOYS & ALIENS kl. 8 20	COWBOYS & ALIENS kl. 8 20
HORRIBLE BOSSES kl. 8 - 10:20 20	HORRIBLE BOSSES kl. 10:40 20	HORRIBLE BOSSES kl. 10:40 20
BÍLAR 2 kl. 5:30 20		
KEFLAVÍK	AKUREYRI	KRINGLUNNI
ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN kl. 8 20	ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN kl. 6 - 8 20	ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN kl. 6 20
FRIGHT NIGHT kl. 10:10 16	CRAZY, STUPID, LOVE kl. 8 20	CRAZY, STUPID, LOVE kl. 8 20
RISE OF THE PLANET OF THE APES kl. 8 12	FRIGHT NIGHT kl. 10:10 30	FRIGHT NIGHT - 3D synd á morgun 30
FRIENDS WITH BENEFITS kl. 10:10 12	BÍLAR 2 kl. 6 20	
	FINAL DESTINATION 5 kl. 10:10 30	

ADENSIN EINN SÝNING!

One Man, Two Guvnors

leikrit í beinni útsendingu frá national theater, london 15. sept kl. 18.00 í sambíónum kringlunni

[HTTP://NTLIVE.SAMBIO.IS](http://ntlive.sambio.is)

TRYGGDU ÞÉR MÍÐA Í TÍMA

Spielberg hugsar mjög stórt

Eitt af framtíðarverkefnum Steven Spielberg er svo dýrt og umsvifamikið að það þarf tvö framleiðslufyrirtæki til að fjármagna það, Twentieth Century Fox og Dreamworks, sem Spielberg á stóran hlut í. Um er ræða vísindaskáldsögumyndina Robopocalypse sem byggð er á samnefndri metsölubók eftir Danny H. Wilson.

Bókin segir frá vélmennaháðu samfélagi mannanna í náinni framtíð. En þegar vísindamaður hennar og sleppir vélmenninu Archos sem hefur háþróaða tölvugreind er fjandinn laus og mannfólkið á fótum sínum fjör að launa. Bókin fékk feykilega góða dóma þegar hún kom út í júní á þessu ári og sat lengi vel á toppi metsölulista New York Times. Þegar hefur verið ákveðið að myndin verði frumsýnd í júní 2013.

Spielberg hefur því í mörg horn að líta því hann frumsýnir



um jóln kvikmynd um ævintýri Tinna og er hennar beðið með mikilli eftirvæntingu. Þá er leikstjórnin nýbúinn að klára hestamyndina War Horse sem fjallar um hetjudáðir hests í fyrri heimsstyrjöldinni. Og í haust hefst Spielberg svo handa við að gera ævisögulega kvikmynd um Abraham Lincoln en það er Daniel Day-Lewis sem mun leika þennan dáðasta forseta Bandaríkjanna.

ÖNNUM KAFINN Steven Spielberg þarf ekki að kvarta undan verkefnaskorti en tvö framleiðslufyrirtæki þarf til að fjármagna kvikmynd hans Robopocalypse.

Dýpri, dekkri og hrárrí plata

Hermigervill fær ekki nóg af íslenskrri tónlist og hefur sent frá sér aðra plötu með eigin útgáfum sígildra popplaga.

Tónlistarmaðurinn Hermigervill hefur sent frá sér plötuna Hermigervill leikur fleiri íslensk lög. Þar er að finna tíu íslenskar dægurlagaperlur í nýjum búningi, þar á meðal Gvend á eyrinni, Ég veit þú kemur og Partýbæ með Ham.

Um er að ræða framhald plötunnar Hermigervill leikur vinsæl íslensk lög sem kom út fyrir tveimur árum. „Þetta er tvíleikur. Núna er ég búinn að fínpússa þetta konsept. Þessi plata er dýpri, dekkri og hrárrí,“ segir Hermigervill. „Þarna eru lög sem eru mér kær. Þau eru öll í eldri kantinum nema Nasty Boy með Trabant. Ég hef mikla tengingu við það lag. Ég var í miklum tengslum við Trabant og spilaði oft með þeim.“

Hermigervill tók plötuna upp í Svíþjóð þar sem hann bjó í eitt ár. „Ég var í sænskum skóglendum í Svíþjóð, lokaði mig af og gerði ekkert nema að vinna í þessari plötu.“

Hann hefur búið erlendis undanfarin ár. Fyrst lauk hann upptökunámi í Amsterdam, fór þaðan til Belgíu, síðan til Svíþjóðar og núna er hann aftur fluttur til Belgíu. Hann hefur þó verið með annan



NÝ PLATA Nýjasta plata Hermigervills nefnist Hermigervill leikur fleiri íslensk lög.

fótinn hér heima og tók til að mynda upp síðustu plötu Berndsen.

Hermigervill segist vera með ólæknandi fortíðarþrá og það endurspeglast í tónlistinni hans, því hann notar mikið við gamla tækni í von um að ná rétta hljóminum.

„Ég er þannig gerður að allt sem er nýtt er glatað á meðan allt sem er gamalt er frábært.“

Hann ætlar að fylgja plötunni eftir með tónleikum í október og kemur meðal annars fram á Airwaves-hátíðinni. frey@frettabladid.is

SMÁRABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!

COLOMBIANA

HÁSKÓLABÍÓ

Our Idiot Brother

SMÁRABÍÓ	HÁSKÓLABÍÓ
OUR IDIOT BROTHER KL. 5.50 - 8 - 10.10 7	COLOMBIANA KL. 8 - 10.20 16
OUR IDIOT BROTHER LUXUS KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 7	MELANCHOLIA KL. 6 - 9 12
KNUCKLE KL. 8 - 10 16	Á ANNAN VEG KL. 6 - 8 10
30 MINUTES OR LESS KL. 6 - 8 - 10 14	30 MINUTES OR LESS KL. 10 14
SPY KIDS 4D KL. 3.30 - 5.50 L	SPY KIDS 4D KL. 5.50 14
STRUMPARNIR 3D ÍSL. TAL KL. 3.30 L	THE CHANGE-UP KL. 5.30 - 8 - 10.30 14
STRUMPARNIR 2D ÍSL. TAL KL. 3.20 L	
ONE DAY KL. 3.30 - 10.10 12	

midis.is

Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS-BÍÓ

www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

COLOMBIANA

THE DEVIL'S DOUBLE

CHANGE-UP

LAUGARÁS-BÍÓ Sýningartímar

COLOMBIANA 5.50, 8 og 10.15 (POWER)

THE DEVILS DOUBLE 8 og 10.15

CHANGE UP 8 og 10.15

SPY KIDS - 4D 6

STRUMPARNIR - 3D 6 - ÍSL. TAL

Norræn tíska auglýst í Vogue

Norræni tískutvíaeringurinn, eða Nordic Fashion Biennale, fer fram í Seattle dagana 30. september til 13. nóvember. Tvíaeringurinn var fyrst haldinn í Reykjavík árið 2009 að frumkvæði Norræna hússins. Mikill fjöldi hönnuða og listamanna tóku þátt og fékk viðburðurinn mikla athygli bæði hér heima og erlendis.

Tvíæringurinn er haldinn í samstarfi við Nordic Heritage Museum í Seattle og Hrafnhildur Arnardóttir listakona er sýningarstjóri. Þó að tvíaeringurinn sé ekki hafinn hefur hann þegar hlotið mikla umfjöllun vestanhafs og hafa veislur og tímarit á borð við Dlist Magazine, CBS Seattle, Fashion-eeta og Haute Living fjallað um viðburðinn.

Ilmur Dögg Gísladóttir, verkefnastjóri Norræna hússins, segir það gleðiefni að tvíaeringurinn hafi fengið svo mikla athygli. „Við erum búin að vera mjög dugleg að kynna viðburðinn og erum meðal

annars að vinna með þarlandri markaðsskrifstofu. Það er einnig langt síðan við höfðum samband við réttu blaðamennina og bloggara og þeir voru því fljótir að taka við sér eftir að fréttatilkynning var send út,“ segir Ilmur Dögg. Nokkrir hönnuðir tvíaeringsins tóku einnig þátt í Fashion's Night Out sem fram fór á fimmtudaginn var, en það er undanfari tiskuvikunnar í Seattle. „Fashion's Night Out var meðal annars kynnt í Vogue USA og einnig var auglýsingabæklingur sendur inn á um 160 þúsund heimili í Seattle. Þannig að við höfum fengið mjög góða og breiða kynningu.“

Reiknað er með að um 5.000 manns heimsæki sýninguna á meðan á henni stendur en um 2.000 manns sóttu tvíaeringinn sem haldinn var í Reykjavík árið 2009.

„Markmið okkar er að sýna norræna hönnun á annan hátt en áður og að vekja athygli á því hvaðan hönnunin kemur og menningu þess lands,“ segir Ilmur að lokum. - sm



ÁNÆGJA MED TVIÆRING Ilmur Dögg Gísladóttir, verkefnastjóri Norræna hússins, segir ánægjulegt að Norræni tiskutvíaeringurinn hafi fengið svo mikla athygli vestanhafs. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER

BÍÓ ★ PARADÍS

MÁNUGAGUR: GE9N 18:00, 20:00, 22:00 ■ SVINASTÍAN 18:00, 20:00, 22:00 ■ ANDLIT NORÐURSINS 18:00, 20:00, 22:00 ■ MÓTVÆGI 20:00 ■ MARY AND MAX 18:00 ■ ANIMAL KINGDOM 22:00 ■ MONSTERS 18:00 ■ HOWL 22:00 (ÍSLENSKUR TEXTI, ENGLISH SUBTITLES).

VERTU FASTAGESTUR!
15% afskiptur af öllum kortum til 15. september.

MEÐ STUDNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMÍÐSTÖÐVAR ÍSLANDS CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midis.is

Svinastían
með Noomi Rapace

p.p. Fréttatíminn

GE9N
Ískvöld
dröngursaga
úr íslensku
athafnalit



REFFILEGIR Simmi, Bó og Jói Fel gátu eflaust rætt um ýmislegt í afmælinu, til dæmis mat.



Í KVENNAFANS Karli Berndsen leiddist ekki að vera í félagsskap Rikku og Þórunnar Antoníu. Hverjum myndi leiðast það?
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

GLEÐI Í AFMÆLISVEISLU STÖÐVAR 2

Stöð 2 hélt upp á 25 ára afmæli sitt í Hörpu á föstudag. Fjöldi fólks kom saman í tilefni dagsins, en ljósmyndari Fréttablaðsins fangaði gleðina.



HRESSIR Ari Eldjárn og Kristófer Dignus kunna sitt fag. Ari er að safna spékoppi á hægri kinn, eins og myndin sýnir glögglega.



FLOTTIR Jóhann og Pétur Jóhann eru ólíkir. Það dregur þó ekki úr hressleika þeirra.



LEIKSTJÓRASPJALL Ragnar Bragason og Ragnar Hansson voru mishressir. Takið eftir einlægri gleðinni sem skín úr augum Ragnars Hanssonar. Þetta er augljóslega maður sem er að fara að spila körfubolta í vikunni.



NÁNIR Vinirir Sveppi og Jói voru til í að stilla sér upp fyrir ljósmyndara.

Námskeið og kynningar á næstunni



Alpha

www.alfa.is

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍPRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

MEIRI MENNING

VÍSIR

Meira af gítar á næstu plötu

Næsta plata bandarísku hljómsveitarinnar The Killers mun innihalda þyngri gítarhljóm, samkvæmt trommaranum Ronnie Vannucci.

Vannucci gefur í skyn í nýju viðtali við breska tímaritið NME að væntanleg plata The Killers verði afar frábregðin síðustu plötu, Day & Age frá árinu 2008. Hún þótti afar poppuð. Upptökustjórinn Stuart Price sat þá við stjórnvölinn, en hann er frægur fyrir vinnu sína með poppdrottningunni Madonnu.

„Það verður meiri gítar á nýju plötunni, enda tími til kominn,“ sagði Vannucci. Hann staðfesti einnig að hljómsveitin væri á leiðinni í hljóðver í næsta mánuði. „Við ætlum að byrja að taka upp í Nashville í október. Upptökustjóramál eru ennþá í lausu lofti. Við erum með nokkra í huga, en viljum ekki reita neinn til reiði og segja hverjir það eru. Við erum búnir að vera að semja frábær lög síðastliðinn mánuð. Það er allt að gerast. Ég hlakka til að taka upp nýja plötu, hún á eftir að hljóma frábærlega!“



NÝ PLATA Brandon Flowers og félagar í hljómsveitinni The Killers eru á leiðinni í hljóðver í október.

Vill grenna sig

Söngkonan og fataframleiðandinn Jessica Simpson ætlar að fresta brúðkaupi sínu ef hún verður ekki búin að losa sig við aukakílóin fyrir tiltekinn tíma. Simpson gengur í það heilaga með ruðningsboltakappanum Eric Johnson og áætlaður brúðkaupsdagur á að vera í byrjun nóvember. Simpson er þó tilbúin að fresta stóra deginum til 14. febrúar fari kílóin ekki að fjúka.

„Hún vill geta gengið tignarlega inn kirkjugólfid en ekki vagga eins og önd,“ segir ónafngreindur heimildarmaður við vefsíðu Perez Hilton. Ár er síðan Johnson kom Simpson á óvart og skellti sér á skeljannar.



EKKI VAGGA EINS OG ÖND Jessica Simpson er tilbúin að fresta brúðkaupi sínu við Eric Johnson, takist henni ekki að losna við aukakílóin. NORDICPHOTOS/GETTY

Dagurinn er bara allt annar

Ota hafrafrjöll er framleitt úr 100% sérvöldum höfrum sem eru flokkaðir, valsaðir og síðan ristaðir til að auka enn á bragðgæðin.

Hafragrautur úr Ota Solgryn er einfaldur og hollur morgunverður með háu hlutfalli af fjölsykrum, trefjaríkur og mettandi og dugar þér langt inn í daginn.

SOLGRYN



HEIMIR HALLGRÍMSSON mun hætta að þjálfar Eyjalíðið í haust og Magnús Gylfason, núverandi þjálfari Hauka í 1. deild karla, mun taka við af honum. Þetta var tilkynnt í Pepsi-mörkunum í gærkvöldi. Magnús snýr því aftur til Eyja, en hann þjálfaði líðið með góðum árangri frá 2003 til 2004. Heimir er hins vegar að klára sitt fimmta heila tímabil með Eyjalíðið.

ÚRSLITIN

Pepsi-deild karla

STAÐAN

ÍBV	18	12	3	3	32-17	39
KR	17	11	5	1	36-16	38
FH	18	10	4	4	35-24	34
Valur	18	8	5	5	25-17	29
Stjarnan	18	7	7	4	37-27	28
Fylkir	18	7	4	7	27-31	25
Keflavík	17	6	2	9	21-24	20
Breiðablik	18	5	5	8	25-31	20
Grindavík	18	4	7	7	21-31	19
Þór	18	5	3	10	23-35	18
Fram	18	3	5	10	14-25	14
Víkingur R.	18	1	6	11	15-33	9

NÆSTU LEIKIR

Stjarnan-ÍBV	fim 15. sept kl. 17.15
Víkingur R.-Valur	fim 15. sept kl. 17.15
KR-Grindavík	fim 15. sept kl. 17.15
Keflavík-Breiðablik	fim 15. sept kl. 17.15
Þór-Fylkir	fim 15. sept kl. 17.15
FH-Fram	fim 15. sept kl. 17.15

1. deild karla

BÍ/Bolungarvík-Víkingur Ó.	0-1
0-1 Artjoms Goncars (60.)	
ÍA-KA	5-0
1-0 Fannar Freyr Gíslason (13.), 2-0 Mark Doninger (50.), 3-0 Hjörtur Hjartarson (78.), 4-0 Hjörtur (90.), 5-0 Hjörtur (90.+3).	
Grótta-Leiknir R.	1-1
0-1 Óttar Bjarni Guðmundsson (27.), 1-1 Hafsteinn Bjarnason (90.+1)	
Fjölnir-HK	2-2
1-0 Ómar Hákonarson (7.), 1-1 Eypör Helgi Birgisson (13.), 2-1 Ómar (51.), 2-2 Eypör (52.)	
Haukar-Pröttur R.	3-3
0-1 Sveinbjörn Jónasson, 0-2 Dusan Ivkovic, 1-2 Hilmar Rafn Emilsson, 2-2 Alieu Jagne, 3-2 Alieu Jagne, 3-3 Sveinbjörn, víti.	
ÍR-Selfoss	1-3
0-1 Viðar Örn Kjartansson, víti (21.), 0-2 0-2 Viðar Örn Kjartansson (35.), 1-2 Stefan Þór Pálsson (37.), 1-3 Viðar Örn Kjartansson, víti (45.).	

STAÐAN

ÍA	21	16	3	2	52-13	51
Selfoss	21	14	2	5	41-20	44
Haukar	21	10	6	5	31-20	36
Fjölnir	21	8	8	5	32-31	32
Víkingur Ó.	21	9	4	8	32-25	31
BÍ/Bolungarvík	21	9	4	8	27-34	31
Pröttur R.	21	8	3	10	27-43	27
KA	21	8	2	11	29-40	26
ÍA	21	6	4	11	26-39	22
Grótta	21	4	8	9	16-28	20
HK	21	2	7	12	22-38	13

FH skaut KR niður af toppnum

FH-ingar urðu í gær fyrsta íslenska liðið til þess að vinna KR-inga á þessu sumri og sáu til þess að KR missti toppsætið til Eyjamanna. KR mætti í leikinn taplaust í 21 deildar- og bikarleik en þurfti að sætta sig við 2-1 tap á móti frábæru FH-liði sem á enn smá von um að blanda sér í titilbaráttuna í lokaumferðunum.

FÓTBOLTI FH varð í gær fyrsta liðið til að leggja KR að velli í sumar, en FH-ingar unnu bikar-meistarana, 2-1, á Kaplakrikavelli í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.

FH-ingar léku líklega sinn besta leik í sumar og voru með undirtökin nánast allan leikinn. Það var ekki fyrir en síðasta korter leiksins sem KR-ingar mættu til leiks og pressuðu stíft að marki heimamanna. Gunnleifur Gunnleifsson, markvörður FH, varði meistaralega í lokin og tryggði FH-ingum þennan sigur.

Hannes Þór Halldórsson, markvörður KR, átti einnig magnaðan leik og hélt lífi í KR-ingum allan leikinn. Atli Guðnason og Atli Viðar Björnsson gerðu sitt markið hvor fyrir FH-inga en Kjartan Henry Finnbogason skoraði eina mark KR í leiknum.

„Þetta er mjög góð tilfinning og virkilega góður leikur hjá FH í kvöld,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, eftir leikinn í gær.

„Við létum KR-ingana heldur betur hafa fyrir hlutunum í kvöld og fengum fullt af fínum færum. Við vorum í raun klaufar að ná ekki að skora þetta þriðja mark og drepa leikinn. KR-ingar náðu síðan að minnka muninn í síðari hálfleik og fengu við það smá blóðbragð í munninn, en sem betur fer náðum við að sigla þessu heim. Það fór ekkert mikið um mig þarna í lokin, við vorum búnir að gera nóg til að vinna þennan leik. Gunnleifur varði aftur á móti meistaralega í lokin og gulltryggði sigurinn fyrir okkur.“

„Það er aldrei gaman að tapa fótboltaleikjum,“ sagði Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, eftir leikinn í gær.

„FH-ingar áttu þetta kannski bara miklu meira skilið en við. Við fengum virkilega góð færi í lokin og hefðum með smá heppni náð að jafna leikinn en FH-ingar



FRÁBÆR Í GÆR Atli Guðnason átti mjög góðan leik með FH á móti KR í gær. Hann skoraði fyrra mark FH-inga og var allt í öllu í sóknarleik liðsins í leiknum. Hér er hann að ógna KR-vörðinni einu sinni sem oftár í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

	FH	2-1		KR
1-0 Atli Guðnason (22.)				
2-0 Atli Viðar Björnsson (42.)				
2-1 Kjartan Henry Finnbogason (72.)				
Kaplakrikavöllur, áhorf.: 2830				
Dómari: Valgeir Valgeirsson (7)				
TÖLFRÆÐIN				
Skot (á mark)	17-15 (12-7)			
Varin skot	Gunnleifur 6 - Hannes 10			
Horn	17-6			
Aukaspymur fengnar	11-14			
Rangstöður	4-1			

fengu líka fullt af færum og áttu að vera búnir að klára leikinn fyrir löngu. Það var samt

alltaf smá líf í leiknum og við áttum alltaf fínan möguleika. Það vantaði fjóra byrjunarliðs-

menn í liðið í kvöld og við hreinlega réðum ekki við það. Þessi skakkaföll riðluðu öllum okkar leik í kvöld þrátt fyrir að góðir menn kæmu inn í liðið, þeir eru ekki eins vanir því að spila saman.“

„Það er alltaf gaman að vinna, sama á móti hverjum það er, en það er samt eitthvað sérstakt við að leggja KR að velli,“ sagði Atli Guðnason, leikmaður FH, eftir leikinn í gær.

„Það hefur verið hefð fyrir því að vinna KR í Krikanum undanfarin ár og það gekk eftir í kvöld. Við vorum betri aðilinn nánast allan leikinn en þeir komust örlítið inn í leikinn í restina og þá bjargaði Gunnleifur okkur í markinu.“ - sáþ

Eyjamenn komust á toppinn í Pepsi-deild karla eftir 3-1 sigur á Þórsurum í Vestmannaeyjum í gær:

Spear farið að þykja vænna um eyjuna

FÓTBOLTI Englendingurinn Aaron Spear nýtti vel tækifæri sitt í byrjunarliði ÍBV í gær og skoraði tvö mörk í 3-1 sigri Eyjamanna á Þórsurum á Hásteinsvöllum. Sigurinn skilaði Eyjamönnum upp á topp Pepsi-deildarinnar, þar sem KR-ingar töpuðu á móti FH seinna um kvöldið.

Aaron Spear kom inn í byrjunarliðið fyrir Tryggva Guðmundsson, sem var í leikbanni. Þetta var bara annar leikur Spear í byrjunarliði ÍBV og sá fyrsti síðan á móti Fram 24. júlí. Óhætt er að segja að Newcastle-maðurinn hafi sýnt hvað í honum bjó í leiknum í gær.

„Þetta var flottur leikur hjá okkur í dag. Við vorum ryðgaðir í byrjun en náðum upp okkar leik eftir að þeir skoruðu. En eftir að við komumst yfir fannst mér þetta aldrei spurning,“ sagði Heimir. Tryggvi Guðmundsson var ekki eini leikmaðurinn sem vantaði í ÍBV-liðið því Finnur Ólafsson var líka í leikbanni. Heimir hrósaði Englendingnum.

„Ég er ánægður með Aaron í dag og hann nýtti tækifærið vel. Hann er ekki endilega sá hraðasti en hann er bara svo klókur sóknarmaður sem staðsetur sig mjög vel,“ sagði Heimir.

Aaron hefur ekki verið að gera neinar rósir það sem af er með Eyjamönnum. Hann skoraði sitt fyrsta mark á móti KR í Frostaskjólínu í þar síðustu umferð, en það mark tryggði Eyjamönnum mikilvægt stig í toppbaráttunni á móti KR.

„Það er erfitt að fá ungan strák frá Newcastle og fá hann til að gefa allt sitt fyrir lítið félag frá einhverri eyju utan af Íslandi. En nú er hann búinn að vera hérna í svoltinn tíma og farinn að þykja vænna um eyjuna og fólkið hér í kring. Hann er því tilbúna til að gefa allt sitt í þetta,“ sagði Heimir Hallgrímsson.

Aaron Spear skoraði fyrra mark sitt á 28. mínútu en það síðara á 47. mínútu. Jóhann Helgi Hannesson hafði komið Þórsurum í 1-0 með skallamarki á 24. mínútu leiksins en Eyjamenn unnu sig

AARON SPEAR Var maðurinn á bak við sigur Eyjamanna í gær í fyrsta leik sínum í byrjunarliði síðan í júlí.

aftur inn í leikinn. Andri Ólafsson, fyrirliði ÍBV, innsiglaði síðan sigurinn með flottu marki eftir sendingu frá Þórnari Inga Valdmarsyni.

Páll Viðar Gíslason, þjálfari Þórs, var ekki nægilega sáttur við sína menn eftir leikinn. „Það sem vantaði upp á okkar leik í dag var bara meiri einbeiting. Við gáfum þeim allt of mikið pláss fyrir utan okkar vítateig og þeir nýttu sér það. Við vorum ekki nægilega grimmir á þessa seinni bolta sem voru að detta eftir skalla-einvigin. Við áttum þó fína kafla í leiknum en það dugir ekki ef menn missa svo einbeitinguna í nokkrar mínútur og fá á sig mark,“ sagði Páll Viðar.

- vsh, - óój

	3-1	
ÍBV		Þór
Hásteinsvöllur, áhorf.: 785		Erlendur Eiríksson (4)

0-1 Jóhann Helgi Hannesson (24.)
1-1 Aaron Spear (28.)
2-1 Aaron Spear (46.)
3-1 Andri Ólafsson (68.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	16-9 (10-4)
Varin skot	Albert 3 - Rajkovic 7
Horn	11-7
Aukaspymur fengnar	16-11
Rangstöður	5-3

ÍBV 4-3-3	ÞÓR 4-5-1
Albert Sævarsson 6	Srdjan Rajkovic 5
Arnór Eyvar Ólafsson 7	Gísli Páll Helgason 6
Brynjar Gauti Guðj. 6	Þorsteinn Ingason 6
Rasmus Christiansen 7	Janez Vrenko 7
Matt Garner 6	Ingi Freyr Hilmarss. 4
Tony Mawejje 6	(75., Dávid Disztl -)
Þórnari Ingi Valdim. 7	Ármann Pétur Áv. 6
(84., Kjartan Guðjóns.-)	(83., Sigurður Marínó -)
Andri Ólafsson 7	Aleksandar Linta 5
Ian David Jeffs 7	Gunnar Már Guðm. 5
*Aaron Spear 7	Clark Keltie 4
(76., Yngvi Þorbjórns. -)	Sveinn Elias Jónsson 6
Guðm. Þórnari 6	Jóhann Helgi Hann. 6
(89., Jón Ingason -)	(87., Baldvin Ólafss. -)

*Maður leiksins

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími: **696 5606**
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Síðumúli 34 • 108 Reykjavík
Sími 696 5606 • rafsol@rafsol.is

SCHMIDT
snjótennur
- sala
- varahlutir
- þjónusta
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 • 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 • www.afvelar.is



ÁTJÁN MÖRK Í FJÓRUM LEIKJUM Ekkert stöðvar Manchester United þessa dagana. Hér fagna menn Wayne Rooney um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Manchester United gerði aftur aðeins betur en nágrannarnir í Manchester City:

Manchester-liðin áfram í markaham

FÓTBOLTI Aðra umferðina í röð fóru Manchester-liðin illa með mótherja sína í ensku úrvalsdeildinni og aðra umferðina í röð svaraði Manchester United sýningu Manchester City-manna með því að vinna enn stærri sigur seinna um daginn.

Manchester City vann 3-0 sigur á Wigan á heimavelli þar sem liðið átti að skora mun fleiri mörk, en Manchester United fylgdi því síðan eftir með því að vinna 5-0 útisigur á Bolton og tryggja sér toppsætið á markamun.

United setti þarna nýtt met í ensku úrvalsdeildinni með því að vera búíð að skora 18 mörk í fyrstu fjórum

leikjum sínum og Wayne Rooney er kominn með átta mörk eftir að hafa skorað þrennu annan leikinn í röð.

„Við verðum bara að einbeita okkur að okkur sjálfum. Þetta er erfið byrjun hjá okkur því við erum að mæta öllum stóru nöfnunum og við eigum Chelsea næst,“ sagði Sir Alex Ferguson.

Roberto Mancini, stjóri Manchester City, er ekki nógu sáttur við leik sinnanna þrátt fyrir öruggan 3-0 sigur á Wigan. „Við höfum byrjað vel en þetta verður langt tímabil. Ef við ætlum að enda tímabilið í toppformi þurfum við að bæta okkar leik,“ sagði Mancini. Mancini setti Carlos Tevez í byrjunar-

liðið og Tevez lét verja frá sér víti í fyrri hálfleiknum. Landi hans Sergio Agüero skoraði öll þrjú mörkin.

Lundúnaliðin Arsenal og Tottenham unnu sína fyrstu sigra í deildinni og Liverpool þurfti að sætta sig við sitt fyrsta tap þegar liðið lá fyrir Stoke á útivelli. Kenny Dalglish, stjóri Liverpool, var allt annað en ánægður með ákvarðanir dómarsins.

„Það hafa verið stórar og umdeildar ákvarðanir hjá dómurinum í öllum leikjum okkar á þessu tímabili og þær hafa allar fallið á móti okkur,“ sagði Dalglish sár í leikslok.

- 66j

ÚRSLITIN Í ENSKA

Enska úrvalsdeildin

Arsenal-Swansea	1-0
1-0 Andrei Arshavin (40.)	
Everton-Aston Villa	2-2
1-0 Leon Osman (19.), 1-1 Stilian Petrov (63.), 2-1 Leighton Baines (69.), 2-2 Gabriel Agbonlahor (83.)	
Manchester City-Wigan	3-0
1-0 Sergio Agüero (13.), 2-0 Sergio Agüero (63.), 3-0 Sergio Agüero (69.)	
Stoke-Liverpool	1-0
1-0 Jonathan Walters, víti (21.)	
Sunderland-Chelsea	1-2
0-1 John Terry (18.), 0-2 Daniel Sturridge (51.), 1-2 Dong-Won Ji (90.+1)	
Wolves-Tottenham	0-2
0-1 Adebayor (68.), 0-2 Jermain Defoe (80.)	
Bolton-Manchester United	0-5
0-1 Javier Hernández (5.), 0-2 Wayne Rooney (20.), 0-3 Wayne Rooney (25.), 0-4 Javier Hernández (59.), 0-5 Wayne Rooney (68.)	
Norwich-West Bromwich	0-1
0-1 Peter Odemwingie (3.)	
Fulham-Blackburn	1-1
0-1 Rubén Rochina (32.), 1-1 Bobby Zamora (37.)	
STAÐAN	
Man. United	4 4 0 0 18-3 12
Man. City	4 4 0 0 15-3 12
Chelsea	4 3 1 0 7-3 10
Stoke	4 2 2 0 3-1 8
Liverpool	4 2 1 1 6-3 7
Newcastle	3 2 1 0 3-1 7
Wolves	4 2 1 1 4-3 7
Aston Villa	4 1 3 0 5-3 6
Wigan	4 1 2 1 3-4 5
Everton	3 1 1 1 3-3 4
Arsenal	4 1 1 2 3-10 4
West Bromwich	4 1 0 3 3-5 3
Bolton	4 1 0 3 7-11 3
Tottenham	3 1 0 2 3-8 3
QPR	3 1 0 2 1-6 3
Sunderland	4 0 2 2 2-4 2
Norwich	4 0 2 2 3-6 2
Fulham	4 0 2 2 2-5 2
Swansea	4 0 2 2 0-5 2
Blackburn	4 0 1 3 3-7 1

Enska b-deildin

Barnsley - Leicester	1-1
Blackpool - Ipswich	2-0
Bristol City - Brighton & Hove	0-1
